Hér er fellt niður það sem segir um slíka steina *Nitida sögu*, en þar er sagt steinninn hefði verið sóktur út í eyju, eins og steinarnir í *Nikulás sögu leikara*. Í B-texta *Samantekta* var þess getið sérstaklega að æsir hafi haft nóg af slíkum náttúrusteinum. Eins og áður sagði er *Nikulás saga* til í tveimur gerðum, en í styttri gerðinni er ekki getið um neina steina, svo að Jón lærði hlýtur að vitna í lengri gerðina. Steinarnir eru að vísu sagðir fjórir í *Samantektum*, en eru þrír samkvæmt sögunni. Af endursögn Jóns lærða er svo að skilja að hann hafi fengið viðurnefnið leikari af notkun steinanna, en ekki er það í samræmi við söguna. Sýnist því einsýnt að endursögnin hafi verið skrifuð eftir minni.

Eitt er rétt að lokum að benda á og leggja á nokkra áherslu. Í niðurlagi tilvitnunarinnar úr *Samantektum* segir að við Þingvallavatn hafi steinn „bæþi oskar oc sionar“ fundist, en verið kastað út í vatnið „fyrir skelfing sionanna“. Rit er til eftir Gísla Oddsson biskup *De mirabilibus Islandiæ* samið 1638, sem nefnist *Undur Íslands*. Þar er saga sem hljóðar svo í þýðingu:

Það er þjóðsaga, að smali hafi af tilviljun hjá bænum Þingvöllum fundið stein, líkastan vizkusteininum, því að hann hafi fengið hverja ósk sína uppfyllta, en hann hafi haldið, að þar

⁴ Hér er vitnað í útgáfu mína á *Samantektum í Edduritum Jóns Guðmundssonar lærða*, textinn er í 2. bindi, s. 27; skýringar og athugasemdir í 1. bindi, s. 327–330.

lægju galdrar undir, og sökkt honum á miklu dýpi í Þingvallavatn, illu heilli.⁵

Hér er í riti biskupsins greinilega sagt frá sama atburði og Jón lærði sagði frá í *Samantektum* en ekki sýnast vera rittengsl. Eiginleikar steinsins sýnast vera líkir. Nú á dögum telja menn þetta hreina hjátrú, en ekki er sjáanlegur skoðanamunur á þessum heimildum, sem sýnir að heimsmynd þeirra var lík. Frá Þorvaldi Thoroddsen í *Landfræðisöggunni*⁶ er einkum komin hugmyndin um mikla hjátrú Jóns lærða, en á þeim tímum var þetta rit Gísla biskups Oddssonar lítt þekkt og Íslandslýsingin *Qualisunque descriptio Islandiae* sem oft hefur verið eignað Oddi Einarssyni föður hans ekki kunn, en þar eru áþekkar skoðanir á ýmsu. Þetta sýnir ljóslega að ekki var alltaf mikill munur á viðhorfum Jóns lærða og biskupanna.

⁵ Gísli Oddsson, *Íslensk annálabrot (Annalium in Islandia farrago): Undur Íslands (De mirabilibus Islandia)*, Jónas Rafnar sneri á íslenzku (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1942), s. 118.

⁶ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar*, 2. bindi (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag, 1898), s. 73–93.

STUDIES IN PEELING PAINT

EMILY LETHBRIDGE

Brittle curls,
fingernail lifting of old paint-licks from the corroded surface.
Corrugated chemical unbonding, unbinding,
a peeling away up into the light.

Sodden strakes,
boat a fingernail speck between salt-lick-curls.
A final, falling, failing passage,
Atlantic decay and release.

(Emily Lethbridge)

Boats in need of painting and caulking, fated voyages in them, and the beauty of peeling paint on corrugated iron are the narrative and visual background to this poem: Þingholt roofs, rusting fishing smacks hauled up on the slips by the old Reykjavík harbour – themes explored in MJD's photographs. The infinite wonder of life and death as played out by and on the sea; the promise of voyages, real and metaphorical; human and material fragility and resilience.

A note in the final chapter of *Njáls saga* tells of how Flosi Þórðarson, now an old man who has done penance for the terrible act of burning Bergþórshvoll and is reconciled with his counterpart Kári Sölmundarson, sails to Norway to fetch building timber. Preparations for the return journey to Iceland are not made until late in the



© Emily Lethbridge

summer, and people remark on the poor condition of Flosi's boat. "Flosi sagði, at væri ærit gott gömlum ok feigum, ok sté á skip ok lét í haf – ok hefir til þess skips aldri spurzk síðan".¹ Some 70 or so chapters and many years earlier, Kári, in the prime of his life, sailed gloriously into the *Njáls saga* narrative, coming to the aid of the Njálssynir somewhere off the coast of Orkney in a gilded helmet and with a gold-inlaid spear in hand. Flosi's end is no less magnificent, though it is thrilling for its muted mysticism rather than having the dazzle of Kári's introduction. Flosi slips silently and simply away into the next world; that the final emphasis is on the doomed boat, never again heard of, rather than Flosi contributes to this effect.

¹ *Brennu-Njáls saga*, ed. Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit 12 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1953), 463.

A second saga character who resigns himself and consigns himself to death at sea is Bjarni Grímólfsson. The penultimate chapter of *Eiríks saga rauða* describes the drifting of Bjarni's ship into the mysterious "maðksjór", blown off course while sailing from Greenland home to Iceland. Worms devour the fast-sinking ship, and lots are drawn to allocate places on the seal-tarred and worm-proof row-boat which can only hold half of the crew. Bjarni wins a spot but he gives it up to a young Icelander who charges him with breaking the "eitt skyldi ganga yfir okkr báða" promise he made at the beginning of the expedition to the boy's father.² Those on the tarred boat make it to land, living to tell the story; nothing is heard subsequently of Bjarni or the others who are left behind on the sinking boat. "Gakk þú hingat í bátinn, en ek man upp fara í skipit, því at ek sé, at þú ert svá fúss til fjörsins", says Bjarni to the boy.³ This is a classic example of a motif found widely elsewhere in Old Norse literature – the heroic honouring of a promise and the stoical acceptance of the mortal consequences – but with an added poignancy stemming from the frightened boy's desperation to live.

Finally, a younger saga: *Greenvoe*, first published by the Orkney writer George Mackay Brown in 1972 and "a modern-day *Orkneyinga saga*" according to the British novelist Ali Smith in her introduction to the 2004 edition. The crofting village of Greenvoe on the island

² *Eiríks saga rauða*, in *Eyrbyggja saga*, ed. Einar Ól. Sveinsson and Matthías Þórðarson, Íslenzk fornrit 4 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935), 235. This phrase is found in the AM 557 4to text of the saga but not in the AM 544 4to text. The wording of the narrative at this point in the two manuscripts diverges significantly but tempting and fitting though analysis of the textual variation would be, given MJD's research interests, this would be another article.

³ *Eiríks saga*, 235.

of Hellya has been bulldozed to the ground as part of the classified Whitehall-directed nuclear-plant building project 'Operation Black Star'. Centuries-old cycles and rhythms of rural community life are at once broken. One villager, the history-writing fisherman known as The Skarf, is given work as a clerk in the site office because of his literacy skills. But a secret file which notes his Marxist beliefs comes to light and he is fired. After sitting for a while in the cavity of his demolished house on the charred stone that was his hearth, The Skarf walks to the shore, fills his pockets with rocks, drags his boat, the *Engels*, "in urgent need of painting and caulking" down into the sea. A broken-winged cormorant flutters on the wet sand. Pushing off with the oars (the engine is "old, dry, corroded"), the warped seams of the boat let in a "little muscular worm of water" and after quarter of an hour, his "fine black office shoes" are awash. Further out, the wind and tide oppose each other and The Skarf knows that rowing on, he will "come to a place ... where the sea was all mountains and chasms". The boat is now a sixth full of water; the bailing tin bobs about and The Skarf throws it out to be taken by the tide-rip. Having pulled in the oars, he sits "with folded arms looking back at Hellya. His spectacles glimmered ... Water sloshed over his knee. The *Engels* creaked. They were nearing the turbulent gate of the ocean".⁴

There is no other outcome but death beyond the turbulent gate of the ocean. But as with Flosi and Bjarni, we do not hear anything of The Skarf's final moments in this world. It is implicit that certainly Flosi, and perhaps Bjarni and The Skarf, in crossing the bar, go over into the keeping of God, but the narratives are all the more powerful for the open-ended ambiguity here. The men sail out of our sight

⁴ George Mackay Brown, *Greenvoe* (Edinburgh: Polygon, 2004), 221–224.

touched with a mysterious radiance, the decaying state of their boats their means to freedom.⁵

⁵ Gods, kings and culture heroes in myth and legend are delivered by the sea and later returned to it by their grieving subjects: the motif is known in folklore (e. g. A192.2.2 ‘Divinity departs in a boat over sea’; A513.2 ‘Culture hero arrives (and departs) in a boat’) and various reflexes of the theme are found in Norse literature and beyond: in *Beowulf*, of course, Scyld Scefing is given up by the sea and, on death, sent out again to sea, and “Men ne cunnon / secgan tō sōðe, selerādende, / hæleð under heofenum, hwā þāem hlæste onfēng” (*Beowulf and the Fight at Finnsburg*, ed. R. D. Fulk, Robert E. Bjork and John D. Niles, based on the the 3rd edition with 1st and 2nd supplements of *Beowulf and the Fight at Finnsburg*, ed. Fr. Klaeber, vol. 2 (Toronto, Buffalo and London: University of Toronto Press, 2008), 50–52, here 4).

ATÓMSKÁLD AVANT LA LETTRE?

DIE KLANGPOESIE DER RÍMURDICHTER

JÜRIG GLAUSER

Die durch die Zeiten beliebteste Gattung in der Geschichte der isländischen Literatur waren ohne Zweifel die Rímur. Dies hat der Rímurkenner Matthew Driscoll in einem souveränen Überblick über das Genre neulich nochmals mit großem Nachdruck ausgeführt.¹ Aufgrund dieser Beliebtheit ist es nicht erstaunlich, dass die Rímur den Status einer Ikone für eine formal traditionelle, inhaltlich rückwärtsgewandte populäre Kultur erlangt haben, eine literarische Kultur allerdings, die gerade wegen ihrer großen Verbreitung und Beliebtheit durchaus auch immer wieder das Potenzial zu einer Gegenkultur hatte. In der isländischen Literatur des 20. Jahrhunderts wird denn auch häufig auf dokumentarische oder semifiktive Rímurdichter verwiesen, die als Repräsentanten einer solchen widerspenstigen Obrigkeitskritik, gewissermaßen isländische François Villons, den Eliten das Leben schwer machten. Allen voran ist hier

¹ Matthew James Driscoll, „Why Should We Care about *rímur*?“ in *Sagas and the Use of the Past: The 15th International Saga Conference; 5th–11th August 2012, Aarhus University; Preprint of Abstracts*, hg. von A. Mathias Valentin Nordvig und Lisbeth H. Torfing mit Pernille Hermann, Jens Peter Schjødt und Ulla Loumand (Århus: Aarhus Universitet, 2012), S. 14–15.

wohl Jón Hreggviðsson zu nennen, den Halldór Laxness in *Íslands-klukkan* unablässig die stellenweise ungeziemenden *Pontusrímur* zitieren lässt; aber auch Bjartur í Sumarhúsum in *Sjálfstætt fólk* rezitiert Rímur, um sich beim Schafsuchen warm zu halten, und bringt seiner Tochter das Lesen mit den *Jómsvíkingarímur* und *Bernótusrímur* bei. Noch in Þórarinn Eldjárns Roman *Kyrr kjör* von 1983 liegt für den gelähmten Rímurdichter Guðmundur Bergþórsson, der mit seinen Gedichten die Mächtigen erschrecken kann, die Freiheit in dieser Gegenwelt des Imaginären. Ebenso wenig erstaunlich deshalb auch, dass die regelmäßig wiederkehrenden Versuche der jeweiligen Eliten, die Rímur zu reformieren oder ganz zum Verschwinden zu bringen, nichts fruchteten, ob sie nun Guðbrandur Þorláksson, Magnús Stephensen oder Jónas Hallgrímsson hießen und in reformatorisch-theologischer, aufklärerisch-geschmackssociologischer oder romantisch-ästhetischer Absicht argumentierten.

Zum Glück, so kann man im Nachhinein feststellen, erwiesen sich die Rímur-Polemiken dieser und vieler anderer Kritiker als fruchtlos, denn sie verkannten in der Regel zumindest nicht das große Potenzial an ästhetischer, insbesondere klanglicher Raffinesse, das in den Rímur schlummert. Doch gerade hier liegt ja eine der nicht zu übertreffenden Faszinationskräfte der Rímur, die in der poetischen Performanz die Tradition der alten Skaldik so brillant weiterführten. Man lausche nur etwa den folgenden Beispielen aus den wunderbaren *Skanderbegsrímur* des berühmten und produktiven Dichters Hannes Bjarnason (1777–1838), um 1830 (also sehr zeitnah zu

Jónas' Rímur-Rezension im *Fjölnir*) verfasst, in fünf Handschriften bewahrt, 1861 in Akureyri gedruckt.²

„Þar að ríður ræðuspjall, randa skruggum slegna, sinna lýða soldán fall sem að náði fregna.“³

„Hjet Corazabeg er bauð, bezt við hraður hildi, stáls í flasa núna nauð, nißlung það ef vildi.“⁴

„Ei samþykkir urðu nú argir gikkir þels um bú; ásetninginn ýta þann öldin sling svo frjetta vann.“⁵

Solche Ausdrucksformen können sich in ihrem Inszenieren des Klangs schon beinahe mit avantgardistischer Lyrik des frühen 20. Jahrhunderts messen, etwa der dadaistischen Lautpoesie eines Hugo Ball – zum Beispiel in den notorischen, in Zürich entstandenen und uraufgeführten Performances „Karawane“ (1917) oder „Gadji beri bimba“ (1916), in dem es u.a. heißt:

[...] gaga di bumbalo bumbalo gadjamen
gaga di bling blong
gaga blung

Nicht zu vergessen in diesem Zusammenhang wäre natürlich in der isländischen Lyrik das kurz darauf entstandene Gedicht Davíð Stefánssons „Abba-labba-lá“ (1919):

² Im Folgenden zitiert nach der Ausgabe *Rímur af Skanderbeg Epirótakappa*, eptir sjera Hannes Bjarnason. Kostnaðarmaður: Erlendur Erlendsson (Akureyri: Prentsmiðja Norður- og Austurumdæmisins hjá H. Helgasyni, 1861). Über Hannes Bjarnason wird übrigens auch gesagt, dass er wegen seiner Dichtung lange warten musste, bis er zu einer festen Anstellung als Pfarrer kam.

³ II, 7.

⁴ VII, 64.

⁵ X, 23.

[...] Mér hlýnaði um hjartað
og hrópaði hana á:
Abba-labba,
Abba-labba,
Abba-labba-lá! [...]

Auch an Halldór Laxness' „Únglingurinn í skóginum“ (1924/25) – sein teuerstes Gedicht, denn es hat ihm bekanntlich ein Dichterstipendium gekostet – wäre zu erinnern oder an sein formloses „Rhydymenia palmata“ (1926), wo am Schluss so klangschön enigmatisch steht:

Fyrir sunnan sól og þara
sé ég hvíta örnu fara,
ber við dagsól blóðgan ara.

Es kommt als ein weiteres Moment, das Rímur mit guter moderner Poesie, oft Nonsense-Poesie, teilen, das ironische Spiel hinzu. Um nochmals Matthew Driscoll zu zitieren: „they [die Rímur] can also often be very funny [...]“.⁶ Dieser auf den ersten Anblick vielleicht etwas überraschende Befund lässt sich in der Tat mit einem Verweis auf die vielen humoristischen Effekte untermauern, welche die Rímur etwa durch geschickt gesetzte Endreime hervorrufen:

„Nöfn framandi og óþæg orð á alla kanta, annarstaðar ei þarf panta, ekki þau í hana vanta.“⁷
„[...] af því sagan ei er góð, illt er henni að koma í ljóð.“⁸

⁶ Driscoll (wie Anm. 1), S. 15.

⁷ IV, 4.

⁸ V, 3.

„Enn að nýju læt jeg ljóð lýða stytta vökur; mig þó furðar mest hvað þjóð mínar girnist stökur.“⁹

Auch wenn die Frage, die im Titel gestellt ist, vielleicht nicht von allen Kennern und Liebhabern der isländischen Lyrik in jedem Punkt bejaht wird und die Frage zumindest in einer literaturgeschichtlichen Perspektive etwas anachronistisch sein mag – die Freude an der starken Klanglichkeit und das Insistieren auf dem poetischen Ausdruck vereint die rückwärts ausgerichteten Rímur mit der modernistischen Avantgarde. Und insofern ist es vielleicht doch nicht ganz unberechtigt, von den isländischen Rímurdichtern als den Vorgängern jener Lyriker zu reden, die in der Mitte des 20. Jahrhunderts dann wie erstmals der berühmte Benjamín in Halldór Laxness' *Atómstöðin* als *atómskáld* die traditionellen Formen zu dichten niederbrachen.

⁹ I, 1.

FYRSTA EVRÓPSKA SKÁLDSAGAN SEM ÞÝDD VAR Á ÍSLENSKU

SAGA AF ARGENIDE DÓTTUR MELEANDRI KÓNGS Í SIKILEY

EFTIR JEAN BARCLAY (1582–1621)

GOTTSKÁLK JENSSON

Eins og afmælisbarnið veit leynist mörg kynleg sagan í íslenskum handritum síðari alda sem varðveitt eru á bókasöfnum víða um heim. Eitt þessara handrita er að finna í Lögmannabókhöfðu (Advocates Library) í Edinborg og ber þar safnmarkið MS 21.2.13. Þetta er sögu-bók í kvartó, 25 × 19.9 sm, bundin „í brúnt alskinn, spjöldin gyllt á jöðrum og bókin gyllt í sniðum“.¹ Á kilinum stendur gylltum upphafsstöfum „BARCLAY | ARGENIS“. Hér er komin íslensk gerð frægrar latneskrar endurreisnarskáldsögu eftir Frakkann John Barclay, sem hét svo af því hann var skoskur í föðurættina. Barclay lauk við söguna tveimur vikum fyrir andlát sitt í ágúst 1621 og kom hún út í París það sama ár. Edinborgarhandritið með íslensku þýðingunni telur 117 upprunaleg áskrifuð blöð og virðist lítið ef nokkuð á vanta. Í katalóg sínum segir Norðmaðurinn Olai Skulerud að bókin sé vel

¹Ólafur Halldórsson, „Skrá yfir íslensk og norsk handrit í Edinborg,“ bls. 19 [óprentað vélrit].

skrifuð þótt styttingar séu margar.² Mat hans virðist þó ekki öldungis sjálfstætt heldur sótt að einhverju leyti til handritaskrár Þorleifs Repps en þar er sami *codex* sagður *haud male exaratus sed literarum refertur compendiis*.³ Ólafur Halldórsson fer nær sannni þegar hann lýsir rithöndinni svo: „smá, órskýr [svo!] og óræstisleg“.⁴ Eftir svart-hvítum ljósmyndum að dæma, sem til eru af handritinu á Árnasafni í Kaupmannahöfn, er skriftin vissulega smá og stundum óskýr með fjölmörgum styttingum og án allra greinarmerkja.

Efst á fyrsta blaði má lesa: „Saga | af | Argenide doottur MELE-ANDRÍ | kongs J Sijkil Ey | utlógd ur Latinú a Jslendskú af Erúverd-úgumm og miog | vellærdumm De Signato Rectore til Hola Domkirkiuschola | Jone Einars Syne Anno 1694“. Í lok sögunnar, á bl. 117r, stendur skrifað sömu hendi: „Hier Endar soguna af Poliarcho og Argenide sem skrifud var Anno 1729“. Síðasta talan er að vísu horfin með snifsi sem á vantar í neðra horninu hægra megin en hana er að finna í skrá Þorleifs Repps yfir handritin í Edinborg og hefur þá væntanlega á hans tíma enn verið sýnileg.⁵ Lögmannaþókklaða hefur

² „Well written quarto volume on paper, with many abbreviations“ – Olai Skulerud, *Catalogue of Norse Manuscripts in Edinburgh, Dublin and Manchester* (Kristiania, 1918), bls. 21–22.

³ Afrit skrárinnar er til í Kaupmannahöfn, Árnasafni, AM 926 4to, undir titlinum „Skrá yfir íslenzk handrit í Advocates Library í Edinburgh“. Skránni var lokið 1833.

⁴ „Skrá yfir íslenzk og norsk handrit í Edinborg.“ bls. 19.

⁵ AM 926 4to, bl. 79r. Þegar gert var við bókina í apríl 1930 höfðu jaðrar gömlu blaðanna molnað og voru þau þá felld inn í ný blöð og jaðramir klipptir næstum að lesmáli og jafnvel lengra. Ólafur Halldórsson, „Skrá yfir íslenzk og norsk handrit í Edinborg.“ bls. 19–20.

keypt bókina af Finni Magnússyni í Kaupmannahöfn og móttekið hana árið 1826.⁶

Jón Einarsson hinn íslenski þýðandi sögunnar úr latínu er að mati Hannesar Þorsteinssonar fæddur um 1674 en lést samkvæmt annálum úr bólusótt 11. september 1707. Hann varð stúdent úr Hólaskóla 1693, er skráður í stúdentatölu í Hafnarháskóla 17. október sama ár og verður *attestatus* árið eftir með hærri einkunn, *laudabilis*, en nokkur landa sinna. Jón er sagður einhver mesti latinumaður meðal Íslendinga á sinni tíð og ekki minni menn en Árni Magnússon, Jón Grunnvíkingur, Jón Thorkillius og Skúli Magnússon, sem raunar var bróðursonur hans, hrósa honum upp í hástert fyrir gáfur og lærdóm.⁷ Lýsing Grunnvíkingsins er dæmigerð fyrir ástúðlegt dálæti lærðra manna á Jóni Einarssyni: „Hann hafði verið spengilmenni á vöxt með svart sítt hár, svarteygður og snör augu og skjótur í viðbragði. Árni Magnússon taldi hann hinn fremsta af þeim þremur næmishöfðum hinum bestu, er hann hefði þekkt af íslenskum. Þeir hinir voru mag. Þorleifur Halldórsson ... og Jón Bergmann“.⁸ Jón varð heyrari í Skálholti eftir heimkomuna og hefði orðið rektor þar ef aðstæður hefðu

⁶ Jón Þorkelsson, „Islandske håndskrifter i England og Skotland,“ *Arkiv för nordisk filologi* 8 (1892): bls. 199–237, hér 208 o.áfr.

⁷ Sjá Jón Ólafsson úr Grunnavík, *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, 2013), bls. 206–208; Jón Thorkillius segir frá nafna sínum Einarssyni í óprentuðum ritum sínum „Paucula Islandica“ (Gks 2871 4to; afrit JS 93 4to) og „Specimen Islandiæ non-barbaræ“ (Gks 2872 4to; afrit JS 333 4to). Í óprentaðri sjálfsævisögu Skúla Magnússonar (JS 36 fol.) segir einnig nokkuð frá föðubróður Skúla. Æviþáturinn í *Íslenzkum æviskrám* Páls Eggerts Ólasonar (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950) er dreginn saman úr óprentuðu ágripi Hannesar Þorsteinssonar í *Ævum lærðra manna*.

⁸ *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 208.

ekki hindrað framgang hans. Fór hann þá til Hóla og gerðist konrektor en fékk konungsbréf upp á að verða næstur rektor, þ.e. hann varð *designatus rector*. Áður en að því kom andaðist Jón og hlaut svo þetta viðurnefni meðal lærðra manna ef hann var þá ekki kallaður vísirektor, konrektor eða heyrari.

Íslenskir bókamenn kannast við þýðingu Jóns Einarssonar á *Argenis* sem hann hefur gert tvítugur að aldri strax eftir veturinn í Höfn.⁹ Skáldsaga Barclays þótti skemmtileg og ágætlega byggð rómansa og bryddaði aukinheldur á þeirri nýjung að flytja geðþekkan pólitískan boðskap á skáldsöguformi. Á 17. öld einni kom latneski textinn út í ríflega fimmtíu útgáfum og var þar að auki þýddur á helstu Evrópumál.¹⁰ Á 18. öld komu út skandinavískar þýðingar á *Argenis*, sænsk árið 1740 og dönsk árið 1746 (þar er ritið kallað „En Stats-Roman“). Þá höfðu menn getað lesið skáldsöguna um hálftrar aldar skeið á íslensku – en auðvitað aðeins í handritum. Því má bæta við að danski þýðandinn, Hans Paus, fékkst líka við að þýða *Snorra-Eddu* og *Finnboga sögu ramma*. Snemma var látinn fylgja útgáfum og þýðingum nafnalykill þar sem persónur sögunnar voru heimfærðar upp á sögulega einstaklinga. Sá lestur verksins skýrist betur af neðansögðu.

⁹ Sveinbjörn Egilsson hefur þekkt og kunnað að meta þýðingu Jóns Einarssonar á *Argenis*. Nýkominn frá námi í Kaupmannahöfn árið 1820 orti hann upphaf sögunnar undir rímnaháttum og ber fyrsta vísan, „Áður en heimur allur laut“ o.s.frv., þess merki að vera ort upp úr þýðingunni. Sveinbjörn Egilsson, *Ljóðmáli*, útg. Jón Árnason (Reykjavík: Einar Þórðarson, 1856), bls. 197–200.

¹⁰ Á frönsku 1622, ensku 1625, þýsku og spænsku 1626, ítölsku 1629, hollensku 1643 og pólsku 1697. Sagan var endurþýdd oft á mál sumra stórþjóða. John Barclay, *Argenis*, ed. Mark Riley and Dorothy Pritchard Huber, Bibliotheca Latinitatis Novae (Tempe, AZ: Royal Van Gorcum and Arizona Center for Medieval and Renaissance Studies), bls. 55–58; þar má finna latneska textann ásamt inngangi um höfundinn og söguna.

Fljótleg athugun mín leiddi í ljós fimm önnur handrit með íslensku þýðingunni.¹¹ Yngstu handritin sýna að þýðingin átti sér aðdáendur fram á ofanverða 19. öld. Í þeim handritum er málfar raunar fært í nútímalegra horf og kallar Páll Eggert Ólason í *Sögu Íslendinga* að upphaflega þýðingin hafi verið „nokkuð fornyrt“.¹² Í Handritaskrá Landsbókasafns segir ennfremur um textann í Lbs 719 4to að „sumstaðar [sé] sleppt að þýða kapítula, sem eigi haf[i] þókt sögulegir. Innan um eru dróttkvæðar vísur, illa kveðnar“.¹³ Athugun mín staðfestir að þýðandinn hefur þýtt frjáltslega og leyft sér að sleppa stöku setningu og jafnvel kafla sem honum þótti mega missa sín. Skáldsagan *Argenis* er skrifuð í *prosimetrum*, þ.e. lausu máli með vísum skotið inn hér og hvar á stangli. Er það sama bókmenntaform og á fyrri skáldsögu höfundar, *Ephormionis Lusinini Satyricon*, þar sem höfundur stælir einkum rómversku skáldsögunu *Satyricon* eftir Petroníus. Frásagnarlist *Argenis* skuldar jafnframt *Eþíópíusögu* Helíodórosar ýmisleg tilbrigði en höfundur hafði lesið þá sögu í latneskri þýðingu og hrifist mjög af. Jón Einarsson gerir í þýðingu sinni á *Argenis* áhuga-verða tilraun til þess að varðveita hið latneska *prosimetrum* með þeim hætti að láta dróttkvætt koma í stað hinna rómversku bragarháttá. Jón Thorkillius er ánægður með gæði kveðskaparins í æviþætti sínum um vísirektorinn í „Specimen Islandiæ non-barbaræ“. Hann álitur þýðinguna skrifaða að öllu leyti í sömu stíltegund og frumsögunu (*simili*

¹¹ Thott 1771 4to (öndverð 18. öld), Lbs 719 4to (um 1750), Nks 1720 p 4to (18. öld), JS 118 8vo (1831) og Lbs 1979 4to (um 1870). Óvíst er hvort MS 21.2.13 sé elst og hvort það geymi besta textann.

¹² *Saga Íslendinga*, 4. bindi (Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1943), bls. 252; þar á síðum 251–253 er að finna æviþátt um Jón Einarsson.

¹³ Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 1. bindi (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918), bls. 329.

per omnia in suo genere stylo) og telur að varla hefðu aðrir íslenskað *Argenis* af meiri lipurð en Jón konrektor, mikil bragsnilld sé á þýðingum kvæðanna sem beri vott um kunnáttu þýðandans í eddumáli; því séu kvæðin torskilin óinnvígðum í þeirri list. Jón Thorkillius telur hins vegar að varla sé erfðisins virði að bera þýðinguna saman við frumtextann til þess að meta hvort hún fylgi anda höfundarins (*mentem auctoris*) og enginn muni nokkru sinni gefa *Argenis* út á íslensku. Hann er samt ekki jafn andsnúinn þýðingunni og Þorleifur Repp sem ekki getur hugsað sér tilgangslausari hlut en þessa þýðingu (*qua quidem versione ne cogitari quidem potest quicquam inutilius*).¹⁴

Hörð *crisis* Þorleifs Repps stangast þó á við þann áhuga sem handritin sex bera vitni. Hið sama má segja um álit lærðra manna á þýðandanum. Síðast en ekki síst má telja verkinu og þýðingunni til ágætis þann póst sem hér á eftir fylgir, tekinn úr Edinborgarhandritinu. Hann geymir fágæta útlistun þess hvernig lauma megi pólitískum boðskap inn í skáldsagnalist. Þótt metafiksjón Barclays birtist okkur í nokkuð stíðu máli Jóns vísirektors sæmir hún sér vel, efnisins vegna, við hlið bestu kaflanna í upphafi síðari hluta *Don Quixote* eftir Cervantes, sem út hafði komið fimm árum á undan *Argenis*.

Persónan Nicopompus, sem er málpípa höfundar, hefur sagst vilja skrifa gagnrýni bæði á ríkisstjórn Meleanders Sikileyjarkóns og á uppreisnarmenn gegn kóngi. Gagnrýnin þjóðfélagsskrif þykja viðmælendum hans, einkum prestinum Antanoríus, mesta bráðræði. Nicopompus svarar og segist hafa annað í huga en opna gagnrýni á ráðamenn, sem geti kostað hann lífið, og skilgreinir í framhaldinu nýja tegund skröksögu sem geri honum kleift að koma fram umbóta-

¹⁴ AM 926 4to, bl. 8or.

tillögum undir rós. Hér á eftir fer svar Nicopompusar og viðtökur viðmælenda hans í þýðingu Jóns vísirektors:

Nicopompus stansaði lítið við þessa ræðu Antenorius og mælti síðan: „Rétt myndir þú mæla prestur góður, ef ég hefði í sinni að rita þetta með illmælum og þungri ályktan yfir þeim [uppreisnarmönnum] eða honum [kóngi] og egndi svo up alþýðu skapið. Vitum við vel hvernig það gekk einu skáldi ei fyrir löngu þegar hann straffaði og átaldi kónginn og illmælti honum svívirðilega. Þá fékk hann það launa að hann var hengdur og það góða og mikla nafn sem hann yfir gein fékk hann reyna af snörunni. Hinum sleppi ég sem minna hafast fyrir, þó fávíslega, hvernig það er nóg refsing að skynsamir menn hafi andstyggt á þeim. En mínu ráðslagi er langtum öðruvísi farið, minn góði Antenorius. Veistu ei hvernig sjúk börnin eru læknuð? Þá þau sjá barnalækni koma með drykkinn, þá skeyta þau ei um heilsuna, ef þau skulu kaupa hana svo dýrt að drekka það út. En þeir sem þau skulu lækna, þeir annað hvort byrja drykkinn sætan eða kaupa af þeim að drekka sér til heisubótar eða í þriðja lagi láta staupið virðast svo fagurt, að þau blekkjast á að drekka af því, en leiðist það úti hvað í því er. Svo vil ég eigi heldur tala við þessa upphlaupsmenn í mínu skrifu svo sem aðra sakamenn eða svo vaska þá og víta með hasti og bræði, heldur vil ég leiða þá vitandi fyrir þær vafaræður að þeir skulu hafa list og gleði af því að verða vítadír undir annarlegum nöfnum.“

Þá rétti Antenorius sig upp við þetta sem og Hieroleander og báðu hann segja hvernig hann vildi haga þessari skröksögu.

Þá svaraði hann: „Ég mun rita mikla lygasögu álíka sem aðra historíu og í henni skal ég fela aðskiljanleg og undarleg dæmi, bardaga og blóðsúthellingar, glaðværð og giptumál, og jafnframt þessu mörg óforvarandis dæmi, hversu það eða það hef-

ur komið fram þá minnst hefur varið. Þeir sem það lesa skulu hafa list þar af, því allir eru fullir af hégómanum. Og því heldur munu þeir iðka þetta rit að þeir skulu mig eigi heyra fara með neinum vítum né ströffunum. Ég skal seðja þeirra geð með ýmislegri íhugan og útmálan margra staða. Ég vil stundum láta svo hættulega á hafa staðist að þeir skulu upp rekast til miskunnar og meðaumkunnar, verða hræddir og kvíðandi, og þegar sem hörmulegast er á statt, þá vil ég hugga þá aftur og láta skína eftir skúrinn. Ég vil frelsa þá frá dauðanum, sem mér list, en deyða hina. Ég þekki vel sinni vorra manna og hefi ráð til að koma þeim til þessarar lesningar. Og þá þeir hafa fengið list til bikarsins, þá mun ég leggja í hann heilnæmar jurtir. Ég mun þar inn setja löstu og mannkostu og láta hvað fyrir sig fá sín laun. Þá þeir lesa þetta, þá þeir ámæla þeim vondu en tala vel um þá góðu, þá skulu þeir koma sér sjálfum vel fyrir sig og þekja sig og sitt mannorð. Fyrir lykt þeir munu fá þetta séð og skulu þeir sjá allt saman svo sem í einum spegli. Þeir munu kannski skammast sín, að halda lengur því hlutskipti á leikvelli þessa lífs, hvert þeir þykjast hafa fengið í skröksögunni, og það vel maklega. En svo þeir klagi vel yfir mér, svo sem vildi ég þá ófrægja, þá skal sig þar enginn þekkja algjörlega. Mun ég margt við þá inna í sögunni, sem ei kann að hlýða þeim er ég sneiði uppá. Er mér það og í sjálfsvaldi, því ég vil enga sannferðuga historíu rita. Svo skal ég ófrægja syndirnar, eigi mennina, svo þar skyldi enginn kunna með réttu að reiðast mér, nema þeir einir sem taka að sér með rifti, að þá hvekki sem þeir þykjast eiga. Ég mun og allvíða fitja þar inn gjörðarnöfn eins og sérhvers eftir því sem hans mannvera er til. Illra manna nöfn skulu illt þýða en gott góðra. Bæði skal sá rangt hafa sem meinar það vita allt satt og rangt hafa sá sem heldur það gjörvallt ósannindi og öngvan sannleik inni.“

Antenorius stóð upp og þótti nýstárlegt svoddan skrif, reif nú báðar hendurnar og mælti næsta hýr í bragði: „Láttu, kæri leiksbróðir, láttu oss fá þetta rit. Ef þú álitur þetta rit bæta þig eða þá öld þú á lifir, þá er það full skylda þín. Sú bók mun uppi vera um aldur og ævi og mun vegsamlegan og loflegan gjöra þann hana hefur samsett. Er þetta nytsamlegt fræði, sem svo mun á stríða illskurnar og útbúa móti þeim frómleikann.“

Þá mælti Nicopompus: „Vel gjörir þú, Antenorius, að þú samþykkir mér í þessu. Mun ég þetta gera að þínum ráðum. Skal ég nú þegar í stað til taka meðan mér er ferskast um efnið og volgt um hjartaræturnar. Skal sú lygisaga vera skáldmælum líkust. Skal ég ei og undan fella þig heldur, Gelanorus eða Poliarchus [góðar en ekki gallalausar persónur sögunnar].“ Þá hann hafði nú svo talað veik hann út af í gestaherbergi eitt og varla beið hann af máltíðina, heimti síðan spjöld og tók að rita þessa sögu sem mjög nytsamleg mundi verða.¹⁵

¹⁵ Í MS 21.2.13 kemur kaflinn fyrir á bl. 39v–40r sem þar tilheyrar 2. bók, 9. kafla. Leyst er upp úr styttingum, greinarmerki sett og málið fært til lesvænna stafsetningar.

DÖNSK SPEKI

GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR

Margt gott eigum við Íslendingar Dönnum upp að inna. Allar helstu hugmyndir okkar um veröldina eru frá þeim komnar og svo auðvit- að matarsmekkur. Danir voru síður en svo alltaf upphafsmenn alls þess sem hingað barst, en þeir voru iðulega milliliður. Til að kæta af- mælisbarnið, sem Íslendingar og Danir hafa fóstorað saman, ætla ég að senda því brot af texta sem þýddur var á íslensku í upphafi 18. aldar, en hann geymir danska speki. Árni Þorleifsson (1670–1744), prest- ur í Arnarbæli, Ölfushreppi og síðar prófastur í Árnesþingi, þýddi. Textinn er gefinn út eftir JS 280 4to með hendi Þorsteins Halldór- sonar (1739–1818), hreppstjóra og fræðapular í Skarfanesi á Landi. Textann skrifaði Þorsteinn upp 28. janúar 1779. Í Landsbókasafni Ís- lands – Háskólabókasafni er fjöldi handrita varðveittur með hendi Þorsteins.

Nokkrar spurningar útlagðar úr dönsku afséra Árna Þorleifssyni¹

1. Hvör ber þá mestu og bestu byrði sem nokkurn tíma hefur borin verið? Svar: Asninn sem bar Marju og henn- ar son til Egyptalands.
2. Hvað varð af ösnu þeirri? Svar: Móðir Adams át hana.

¹ Samkvæmt blaðsíðumerkingu handrits er textinn á bls. 63–67.

3. Hvör var Adams móður [sic]? Svar: Jörðin.
4. Hvað langt er ofan af sjávarbrún til botns? Svar: Eitt steinkast.
5. Hvað víð er veröldin? Svar: Ekki víðari en 24ra tíma gangur, því sól og tungl ganga heiminn um kring, dag og nótt.
6. Hvað margar kálfsrófur ná upp til himins? Svar: Ein ef hún er nógu löng.
7. Hvað margir helgir dagar eru í ári hvörju? Svar: Sex, þrír í páskum og þrír í hvítasunnu, en aðri<r> hafa sérleg nöfn.
8. Eru margir dagar í ári hvörju? Svar: Sjö, sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur etc.
9. Nær er lengstur dagur í árinu? Svar: Þá nótt er styst.
10. Hvörninn viltu leiða svo eitt svín í gegnum staðinn að enginn spurji þig að hvað það kosti eða kostað hafi? Svar: Taktu einn af staðarþrælunum og láttu hann ganga með þér, þá meina allir að þú hafir svíninu stolið og spyr þig enginn um þess dýrleika.
11. Hvört er það versta tré sem síst er brent? Svar: Víntréð.
12. Hvör er sá besti fugl og versta steik? Svar: Hunangsflugan.
13. Hvört er það breiðasta og háskasamlegasta vatnsfall? Svar: Döggin.
14. Hvað er það sem aldrei hefur skeð og aldrei mun ske? Svar: Að músin hreiðri sig í kattareyranu.
15. Því er hundurinn rekinn úr kirkjunni? Svar: Því hann vill ekki offra.

16. Því fara hundarnir til kirkju? Svar: Af því breitt er á altarið, þá ætla þeir að þar muni eiga að fá mat.
17. Hvört er betra að þar væri enginn hundur eða enginn múkur? Svar: Það er betra þar sé enginn múkur, því menn geta gjört þá af skólunum, en hunda geta menn ei gjört.
18. Hvað gagn gjöra hundar í kirkju? Svar: Þeir pissa á klukkustrenginn svo hringjarinn þarf ekki að hrækja í lófann þá hann hringir.
19. Því heldur hundurinn upp lærinu þá hann pissar? Svar: Því hann meinar sig að vera í sokkum.
20. Því snýr hundurinn sér þrisvar í snarkringlu þá hann vill leggja sig? Svar: Því hann veit ekki hvað hendugra er. [...]
22. Hvörjir eru þeir sem tala um Guð og mega þó ekki heyra um hann talað? Svar: Fátækir drengir, því þá menn biðja Guð að hjálpa þeim og þeir skuli fara vel, þá hlaupa þeir í burt. [...]
24. Hvörjir eru þeir gagnlegustu heilagir í kirkjunni? Svar: Þeir sem standa í gluggunum og halda úti stormi og regni.
25. Hvört dýr er úlfinum líkast? Svar: Úlfynjan.
26. Hvört er það hreinlátasta handverk? Svar: Pottmakarans, því hvört heldur hann vill eta eður skíta, þá þvær hann sér um hendurnar.
27. Því æpa börnin þá þau fæðast fyrst? Svar: Því móðir þeirra er ei píka. [...]
30. Því liggur kýrin á básnum? Svar: Af því hún kann ekki að sitja. [...]

32. Nær hefur gæsin flestar fjaðrir? Svar: Þá ungarnir eru á baki hennar. [...]
34. Hvörjir menn vinna sitt brauð léttast? Svar: Múkar, prestar, nunnur og hljóðfæramenn, þeir vinna sitt brauð með söng, hörpum og dansi. [...]
42. Hvört er það tryggasta dýr? Svar: Lúsin fylgir þjófnum í gálgann. [...]
71. Þrír ferðamenn komu að einu perutré. Á því tré voru 3 perur. Hver tók eina peruna og voru þó tvær eftir? Svar: Einn þeirra hét Hver. [...]
79. Því brúkar örninn hvörki sokka né buxur? Svar: Því svínið vill ekki spinna. [...]
89. Rass upp, rass niður, tíu draga fjóra. Svar: Þá konan mjólkur. [...]
96. Fyrir hvörju stendur hesturinn í húsinu? Fyrir endanum. [...]
102. Hvört dýr er manninum líkast? Úr því að leysa gefur sá sem spurningar þessar gjört hefur öðrum eftir úr að leysa. En sá þetta útlagt hefur, meinar það sé konan.

NOKKUR ORÐ UM BÖND Í KONUNGSBÓK EDDUKVÆÐA

GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON

Band (*abbreviation*) er styttingarmerki sem er oftast notað fyrir tvo bókstafi en stundum fyrir fleiri og í sumum tilvikum aðeins fyrir einn. Band getur verið smár bókstafur eða titull, sem er skrifaður uppi yfir öðrum bókstaf (á efsta sviðinu milli stofnlínu og þaklínu),¹ en getur einnig verið sérstakt tákn á stofnsviðinu (þ.e. stendur á skriflínu).² Band getur einnig verið punktur á eftir bókstaf eða þverstrík gegnum hálegg eða síðlegg bókstafs.

Mikið er um bönd og styttingar í miðaldaskrift – og ekki síst í íslenskri skrift, eins og afmæliskarlinum er fullkunnugt um.³ Bönd og styttingar almennt eru af ýmsum toga og má flokka þau á marga vegu. Hreinn Benediktsson flokkar þau t.d. í fjóra flokka: stýfingu (*suspensions*), samdrátt (*contractions*), hástæða bókstafi (*superscript let-*

¹ Broddur yfir bókstaf, sem er notaður til að sýna langt sérhljóð, er í raun og veru band – og hið sama gildir um depil yfir bókstaf, sem er notaður til að sýna langt samhljóð eða langt sérhljóð.

² Slíkt tákn, sem stendur á skriflínu og er á stærð við venjulegan lágstaf, mætti kalla *bandstaf*.

³ Sjá t.d. M. J. Driscoll, „Marking up abbreviations in Old Norse-Icelandic manuscripts“, *Medieval texts – contemporary media: The art and science of editing in the digital age*, ed. M. G. Saibene & M. Buzzoni (Pavia: Ibis, 2009), pp. 13–34.

ters) og sérstök tákn (*special signs*),⁴ en Adriano Cappelli flokkar bönd í latínu í 6 flokka: stýfingu (*abbreviature per troncamento*), samdrátt (*abbreviature per contrazione*), styttingarmerki fastrar merklingar (*segni abbreviativi con significato probrio*), styttingarmerki óskilgreindrar merklingar (*segni abbreviativi con significato relativo*), hástæða bókstafi (*abbreviature per lettere sovrapposte*) og sérstök tákn (*segni convenzionali*).⁵ Það er hins vegar ekki víst að flokkun Cappellis eigi að öllu leyti við um íslenska skrift og flokkun Hreins er ekki hafin yfir gagnrýni. En er hægt að finna handhægari eða skynsamlegri flokkun? Hér verður gerð tilraun til þess með því að huga að böndum í Konungsbók eddukvæða, Gks 2365 4to.

Mér hefur talist til að 25 mismunandi bönd séu notuð í Konungsbók fyrir utan brodd <á> og depil <ð>. 17 bönd koma fyrir á efsta sviðinu fyrir ofan stofnlínu (eru hástæð); þau skiptast þannig að 11 eru smáir bókstafir <boft>,⁶ fjögur eru titlar <lf> og svo er rá yfir lágum bókstaf <m̄da> og þverstrik gegnum hálegg <hroþ>. Að auki er þverstrik yfir síðlegg <q>, skástrik yfir kvist á bókstaf <ʒ>, punktur, *punctus elevatus* og fjórir bandstafir, þ.e. <Ψ>, <γ>, <ʒ> og <Ϸ>.

⁴ Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*, Íslensk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in folio 2 (Reykjavík: The Manuscript Institute of Iceland, 1965), 85–94. Sjá einnig Odd Einar Haugen, „Paleografi“, *Handbok i norrøn filologi*, ed. Odd Einar Haugen, 2. ed. (Bergen, 2013), pp. 234–238.

⁵ Adriano Cappelli, *Dizionario di abbreviature latine ed italiane: Usate nelle carte e codici specialmente del medio-evo riprodotte con oltre 14000 segni incisi con l'aggiunta di uno studio sulla brachigrafia medioevale, un prontuario di Sigle Epigrafiche, l'antica numerazione romana ed arabica ed i segni indicanti monete, pesi, misure, etc.*, sesta edizione (anastatica) con 9 tavole fuori testo. Manuali Hoepli. Lexicon abbreviaturarum (Milano: Hoepli, 1967), xi–lvi.

⁶ Það mætti kalla þá *dvergstafi*.

Svo vill til að hástæðu böndin standa undantekningalítið fyrir sérhljóð + *r* eða *r/v* + sérhljóð, eða eins og hér sést:

	V+r	r+V	v+V
a	⟨ʀ⟩	⟨ʁ⟩	⟨ʁʰ⟩
e (i)	⟨ʒ⟩	⟨ʒ⟩	⟨ʒʰ⟩
i	⟨j⟩		⟨jʰ⟩
o			⟨ʝ⟩
u/y	⟨ʷ⟩	⟨ʷ⟩	

Undantekning er bandið ⟨ʰ⟩ sem er notað fyrir *us*. Til viðbótar má nefna ⟨ʰ⟩ sem kemur einu sinni fyrir sem stytting fyrir ⟨vʰ⟩ sem stendur fyrir *va*, þ.e. [vɛ]. Það virðist því ekki vera ástæða til að flokka þessi hástæðu táknið eftir því hvort þau eru smáir bókstafir (⟨ʰ⟩) eða sérstök táknið eins og ⟨ʁ⟩.⁷

Hlutverk bandanna er óttaleg flækja sem erfitt hefur reynst að greiða úr, en þegar reynt er að ná utan um hlutverk þeirra í Konungsbók verða fyrir eftirfarandi atriði: 1) grafískt hlutverk (⟨ʒ⟩ stendur fyrir *re* eða *ve* í hvaða orði sem er), 2) beygingarleg merking (t.d. ⟨m⟩ sem merkir *munu* (*munu*)), 3) föst merking (⟨j⟩ merkir *tíl* og ⟨ʒ⟩ merkir *oc*) og 4) stýfing, t.d. ⟨q⟩ sem merkir *qvab*.⁸ Með beygingar-

⁷ Einhver þessara banda geta einnig staðið fyrir lík hljóðasambönd, eins og ⟨j⟩, sem getur staðið fyrir *r*, *err* og *eir*, og ⟨ʝ⟩ sem getur staðið fyrir *u* í áhersluleysi.

⁸ Til viðbótar við þessi atriði má finna undantekningar af ýmsu tagi (um 40 dæmi af yfir 12.000 böndum), t.d. ⟨ʒ⟩ sem stendur fyrir *ver* en ekki *ver*, ranga notkun banda (um 200 dæmi), t.d. ⟨ʒ⟩ fyrir *var* (ætti að vera ⟨ʒ⟩) og ⟨ʒ⟩ fyrir *þeir* (ætti að vera ⟨ʒ⟩), klúður vegna þess að skrifarinn hefur gert mistök (40 dæmi), t.d. ⟨ʒʒʒʒ⟩ þar sem skrifarinn hefur gleymt að skafa út *er*-bandið, og síðan eru 8 bönd sem verða ekki skýrð með neinu af framangreindu, t.d. ⟨ʒ⟩ fyrir *falla*.

legri skírskotun er átt við að bókstafurinn sem notaður er til að sýna styttingu orðs er jafnframt síðasti bókstafur þess; hér er í reynd um samdrátt að ræða. Eftirfarandi töflu er ætlað að skýra þetta betur:

	<i>grafískt hlutverk</i>	<i>beygingarleg merking</i>	<i>föst merking</i>	<i>stýfing</i>
<ʀ>	<i>ar</i>	<i>maþr</i>		
<ʁ>	<i>ra</i>			
<ʳ>	<i>va</i>	<i>mana</i>		
<ʳ̥>	<i>er (ir)</i>		<i>er</i>	
<ʳ̥̥>	<i>re, ve</i>			
<ʳ̥̥̥>	<i>ri, vi, ir</i>	<i>mani</i>	<i>til, við</i>	
<ʳ̥̥̥̥>	<i>ro, vo</i>	<i>voro, muno</i>	<i>hon</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥>	<i>vø</i>			
<ʳ̥̥̥̥̥̥>	<i>ur, yr</i>			
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥>	<i>ru, ry</i>		<i>fyr, mun</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥>	<i>us</i>			
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥>		<i>monom</i>		
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>		<i>monom</i>		
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>		<i>manz</i>		
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>		<i>konungs</i>	<i>þes-</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>			<i>maþr</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>			<i>oc</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>			<i>-eð</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>			<i>con-</i>	
<ʳ̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥̥>	<i>m, n</i>		t.d. <i>queþ-, eigi,</i> <i>monom</i>	t.d. <i>havþþ,</i> <i>figmúndr,</i> <i>figmúndar</i>

...

	<i>grafískt hlutverk</i>	<i>beygingarleg merking</i>	<i>föst merking</i>	<i>stýfing</i>
<ǫ>			t.d. <i>han</i> , þat, fcal	t.d. <i>kan</i> , <i>konung-</i>
<ʀ>			-20m	t.d. <i>Regin</i>
<_>				t.d. <i>qvap</i> ¹⁰
<_>				t.d. <i>Raðomc</i>
<_>				t.d. <i>frændr</i>

Í Konungsbók stendur <h> fyrir *hann* og ekkert annað þegar það stendur eitt og sér og <eǫ> stendur fyrir *eigi*; að því leyti er þetta föst merking eins og <ǫ> og <ʀ>.

Þverstrík yfir hálegg og rá yfir lágum bókstaf virðast ekki hafa sama hlutverk, því að ráin stendur einnig fyrir einstök hljóð, þ.e. nefhljóð. Þess vegna er e.t.v. betra að skipta ránni í tvo flokka: Annars vegar í nefhljóðsband og hins vegar í tákn sambærilegt við þverstrikið, sbr. <gullincābi> þar sem ráin stendur fyrir *m* og <ín̄> þar sem ráin getur bæði staðið fyrir *jötli* og *jötla* í nafninu *Sinfjötli*. Punktur virðist eingöngu standa fyrir stýfingu en þverstrikið og ráin hafa víðara hlutverk, því að þau geta einnig verið notuð í fastri merkingu. Í fljótu bragði virðist allt, sem flokkast sem samdráttur, falla undir fasta merkingu, t.d. er eðlilegt að telja að <ld> sé föst merking fyrir *land*.

⁹ <s> er hásteflingur og stendur oftast fyrir tvöfalt *s* eða <ss> í Konungsbók. Ein af undantekningunum er <ʀ> í *konungs*.

¹⁰ Orðið er bundið <ǫ> þar sem hástæða bandið hlýtur að standa fyrir *va* og þá stendur undirstæða þverstrikið eingöngu fyrir *þ*.

Eins og áður sagði byggist þessi flokkun eingöngu á skriftinni í Konungsbók eddukvæða. Það verður því spennandi að sjá hvort notkun banda í öðrum handritum staðfestir þessa flokkun eða ekki.

THE RIME OF THE ANCIENT SCHOLAR

J.S. LOVE

On my most recent pilgrimage to the Landsbókasafn in Reykjavík, I chanced to be seated beside an elderly gentleman in the reading room. He noted that I was consulting manuscripts of *Hervarar rímur*, and as soon as he recognized that I was American, he eagerly shared with me a most curious tale of *rímur* he had once heard recited in a Nordic-themed pub in Boston some years ago. To my great astonishment I discovered that it was composed, or at least translated into, modern English! It was so long hence that this sagacious fellow could remember only a few stanzas from it, but he kindly scribbled them down on a sheet of paper for me.

I present here a short edition and elementary commentary to the *ríma*. Its metre is basic *ferskeytt*, and given the wildly disparate content, the author was almost certainly a novice at poetic composition.¹ It had no title, so based on the work's running theme of a man teaching, traveling and studying manuscripts, I have dubbed it *The Rime of the Ancient Scholar*.

¹ The poem was attributed to a certain G. Arvilsson, otherwise unknown from any source. The name is not traditional and must signify a relatively recent time of composition.

When summer came, school began,
 pupils surged in a flood,
 3 all well ween how that wise man,
 wastes horns of Kvasir's blood.
 Film and shots of students' work,
 6 from his grand SLR,
 coloured snaps inside Møn's kirk,
 and converse on sun spar.
 9 Students groaned, and helpers sighed,
 like Dante's souls in hell,
 Snorri's friend like Stentor cried,
 12 'scope out this XML'!
 Ashore in the Bahamas,
 he eyed edits in stacks,
 15 crowded with Oxford commas,
 cutting all through the facts.
 Fared he miles to Japan far,
 18 ships of words for to find,
 legends in lands of the Czar,²
 old scholars left behind.
 21 In Frothi's land work went on,
 a search for writs so rare,
 code captain spoke from the con:
 24 'I ken that file's somewhere'.
 A fragment from Kentucky,
 script forms all unmessy,
 27 moulded now, but might it be,
 Magnús í Tjaldanesi?

² This must refer to the myth of saga manuscript copies said to survive in the libraries of Russia, in particular St. Petersburg.

30 Hrólfr and Sigurd heroes two,
a horde of words he wrote,
primal legends to pursue,
from places far remote.

33 No longer sing I this song,
the eagle's dross I share;
its rimes have been naught but wrong,
36 my writing unaware.

Now let's taste of Hvyting's tribe,
old wines and tuns of beers,
39 drinks with the skipper of scribes,
another sixty years.

AF BÓNDA EINUM BYRJAST KVÆÐI

MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR

Sláttukvæði er ýkjukennt gamankvæði eða jafnvel háðsádeila sem birtist fyrst á prenti í ritinu *Nokkur ljóðmæli eptir Hallgrím Pjetursson* árið 1885, bls. 50–55, og fimm árum síðar í útgáfu Gríms Thomsens *Sálm- ar og kvæði eptir Hallgrím Pétursson*, 2. bindi, 1890, bls. 402–407, og var þá farið eftir einu handriti, kvæðabók í eigu Árna Thorsteinssonar landfógeta. Nýlega skrifaði Pétur Gunnarsson rithöfundur skemmtilega grein þar sem hann fjallaði m.a. um *Sláttukvæði* og tók það sem dæmi um glaðlyndi „hins veraldlega Hallgríms“.¹

Sláttukvæði fjallar um vel stæðan bónda og fjölskyldumann sem var nokkuð „burgeislegur“: „Fjölda átti fjár og sauða / fémunina kvíka og dauða / geymdi í kistu gullið rauða / svo grandaði ekki kvíða él“.² Hann skorti sem sagt ekkert en lagði sig engu að síður gífurlega fram við sláttinn og fannst aldrei nóg að gert. Viðlagið gefur til kynna að honum hafi vaxið búskapurinn nokkuð í augum: „Ósköp þarf fyrir eina kú um vetur“.

Bóndanum nægði ekki að slá sína eigin jörð heldur æddi hann um Ísland hátt og lágt. Fjöldi örnefna kemur við sögu: Hekla, Kötlugjá,

¹ Pétur Gunnarsson, *Péturspostilla: Hugvekjur handa Íslendingum* (Reykjavík: JPV, 2010), 128–130.

² Hallgrímur Pétursson, *Sálmur og kvæði eptir Hallgrím Pétursson*, 2. bindi (Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1890), 402.

Skjaldbreiður, Bárðarjökull (í Ódáðahrauni), Baldjökull (eldra nafn á Eiríksjökli), Baula, Esja, Gláma (hálandissvæði á Vestfjörðum), Lómagnúpur, Henglahjallar og hann fer jafnvel út í Drangey: „Drengir að því drógu gátu / í Drangey sló hann væna sátu“. Og þar lét hann ekki staðar numið. Eins og afmælisbarnið sem rit þetta er tileinkað þeyst-ist bóndinn út um allan heim. Það gæti verið áhugavert að kanna hvor þeirra hafi komið til fleiri landa – og hvort þeir hafi ferðast til sömu landa! Bóndinn í kvæðinu fór til Grikklands, Danmerkur, Svíþjóðar, Dalmatíu, Ditmarsken og Póllands, Englands, Frakklands, Ítalíu, Asíu, Konstantínópel – og miklu fleiri staða:

Kína öll og Aferíka
af honum slegin sögð var líka,
Líbíafrónið furðu ríka
fláði hann allt með hörkuþel.
Best er að vera birgur vel.
Enginn mundi sláttu slíka,
sló hann öllum betur.
Ósköp þarf fyrir eina kú um vetur.

Kvæðið er eins og áður segir prentað í útgáfum á verkum Hallgríms Péturssonar en staðreyndin er sú að það er eignað fleiri skáldum. Það er varðveitt í 16 handritum og eignað sr. Hallgrími Pétursyni (1614–1674) í þremur þeirra (Lbs 2289 4to, ÍB 813 8vo, JS 489 8vo), sr. Bjarna Gissurarsyni (1621–1712) í þremur (Lbs 2140 4to, Lbs 2159 8vo, Lbs 2214 8vo) og sr. Jóni Oddssyni Hjaltalín (1749–1835) í fjórum (ÍB 511 4to, ÍB 631 8vo, JS 493 8vo I og ÍB 939 8vo). Í hinum handritunum er kvæðið engum eignað. Þau eru Lbs 2175 8vo, Lbs 4255 8vo, JS 257 4to, JS 225 8vo og SÁM 36; svo og Lbs 176 8vo en þar skrifar Páll stúdent Pálsson það upp með kveðskap Hallgríms en

lætur þess getið að það sé í öðrum handritum eignað sr. Jóni Odds-syni Hjaltalín.

Nokkur munur er á kvæðinu í handritum. Í handritum sem eigna Jóni Hjaltalín kvæðið er það 18 erindi en í handritunum sem eigna það austfirsku skáldinu Bjarna Gissurarsyni eru erindin 16 og endirinn öðruvísi. Í „austfirsku“ gerðinni sveltur kýrin að lokum í hel og bóndinn étur hana en í öðrum handritum fer allt á betri veg. Í handritunum sem eigna Hallgrími kvæðið eru erindin 26 og bæði tyrkinn, páfínn og fíandinn koma við sögu í síðustu erindunum.

Nú er auðvitað ekki nóg að telja handrit þegar kemur að því að úrskurða hver sé réttur höfundur heldur verður að huga nánar að því hverjir skrifa handritin og hversu traustvekjandi þeir eru sem heimildarmenn. Þau handrit sem eigna Bjarna Gissurarsyni kvæðið eru öll skrifuð af sama manni, Sigmundi Matthíassyni Long (1841–1924). Hér er því í raun um eina heimild að ræða en ekki þrjár.

Handritin sem eigna Hallgrími Péturssyni kvæðið eru öll skrifuð á 19. öld. Það yngsta, Lbs 2289 4to, er skrifað á Höfða 1891–1892 og eins og fram kemur í handritinu sjálfu: „skrifað eftir bók í 8vo með hendi Gunnlaugs Arasonar, skrifuð á Dynjanda í Arnarfirði 1834“. Það er einmitt ÍB 813 8vo sem er: „Skrifað og endad á Dynjanda við Arnarfjórð, þann 28. Decembrj 1834 af Gí Arasyni með vinstri hendi“. Þriðja handritið sem eignar Hallgrími kvæðið er JS 489 8vo. Í því handriti eru einnig *Rímur af Tíodel riddara* „endadar þann ellefta juny y Kydey 1824“. Kiðey er lítil eyja á Breiðafirði.³

Handritin sem eigna Jóni Hjaltalín kvæðið eru aðeins eldri. Eitt þeirra er JS 493 8vo sem kemur úr safni Jóns Árnasonar bókavardar

³ Kiðey er 40 hektara eyja í Dalabyggð, Fellstrandahreppi, einna næst Stóru-Örfrisey.

sem hefur á forsiðu þess vottað að handritið sé skrifað af Þorkeli Jónssyni á Tóftum í Grindavík. Það mun vera Þorkell Jónsson lögrétturnaður (fyrst 1767, síðast 1790) sem oftast var kenndur við Hraun í Grindavík.⁴ Handritið hefst á kvæði „um nýja móðinn“ sem er sannarlega eftir sr. Jón Hjaltalín því að það er varðveitt í eiginhandarriti hans ÍBR 91 8vo og ort árið 1780 austur í Múlasýslu.⁵ Næsta kvæði beint á eftir hefur fyrirögnina: „Önnur ljóðmæli eftir sama mann“ og er þar komið *Sláttukvæði*, hér alls 18 erindi. Við kvæðislok skrifar Þorkell: „Skrifað 1788“.

Jón Oddsson Hjaltalín var prestur fyrir austan, þ.e. að Hálsi í Hamarsfirði og að Kálfafelli í Fljótshverfi á árunum 1777–1783 en fluttist vestur á land og hélt Hvamm í Norðurárdal og Saurbæ á Hvalfjarðarströnd árin 1783–1811, en þá fluttist hann á Skógarströnd. Hann var afkastamikill og hæfileikaríkur rithöfundur, sálmaskáld og þýðandi, en aðeins sálmar hans birtust á prenti að honum lifandi. Eftir Jón liggja í handritum rímur, tækifærissvísur og annars konar veraldlegur kveðskapur, auk frumsamdra og þýddra sagna. Jón Samsonarson taldi líklegt að nafni hans Hjaltalín hefði ort kvæðið meðan hann bjó fyrir austan og þar hefði það ranglega verið tengt við austfirsku skáldið sr. Bjarna Gissurarson. Sr. Jón hafi haft kvæðið með sér vestur og þar hafi höfundurinn orðið Hallgrímur Pétursson. Jón Samsonarson skrifar: „Vafalítið er, að Þorkell Jónsson [skrifari JS 493 8vo] fer hér með rétt mál. Að minnsta kosti verður að ætla séra Jón Hjaltalín höfund Sláttukvæðis, nema nýjar heimildir komi fram um hið gagn-

⁴ Sbr. Einar Bjarnason, *Lögrétturnamatal* (Reykjavík: Sögufélag, 1952–1955), 554.

⁵ Jón Samsonarson, „Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla, ævi hans og kveðskapur“ (óprentuð og handskrifuð ritgerð til meistaraþrófs í íslenskum fræðum, Háskóli Íslands 1960), 160.

stæða. Þeir Þorkell og séra Jón voru samtímamenn og mega vel hafa þekkt“.⁶

Hér hefur verið stuðst við óprentaða lokaritgerð Jóns Samsonarsonar (1931–2010) fræðimanns á Stofnun Árna Magnússonar og fer vel á því – ekki síst vegna þess að bæði afmælisbarnið og höfundur þessarar greinar sátu við fótiskör hans á sínum yngri árum, lærðu margt af honum og er óhætt að fullyrða að hann hafi haft talsverð áhrif á hvað við höfum lagt fyrir okkur um ævina.⁷

Enginn hefur sýnt ævistarfi og ritverkum sr. Jóns Oddssonar Hjaltalín meiri sóma en afmælisbarnið með doktorsritgerð sinni *The Unwashed Children of Eve* og útgáfu á fjórum sögum eftir sama mann.⁸ Mér er það sönn ánægja að færa honum í afmælisgjöf staðfestingu þess að *Sláttukvæði* sé ort af sr. Jóni Oddsyni Hjaltalín, eins og Jón Samsonarson sýndi fram á í ritgerð sinni; kvæði sem Hallgrímur Pétursson hefði verið fullsæmdur af.⁹ Pétur Gunnarsson bendir réttilega á í grein sinni að *Sláttukvæði* beri ýmis einkenni barokktímans. Sýnir það að barokkið var lífseigt og teygði anga sína langt fram á átjándu öld. Af þessu má læra hversu afdrifaríkar afleið-

⁶ Jón Samsonarson, „Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla,“ 160.

⁷ Sbr. Matthew James Driscoll, Inngangur, *Fjórar sögur frá hendi Jóns Oddssonar Hjaltalín*, útg. Matthew James Driscoll (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2006), lix.

⁸ Matthew James Driscoll, *The Unwashed Children of Eve: The Production, Dissemination and Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland* (Enfield Lock: Hisarlik Press, 1997); og Matthew James Driscoll, útg., *Fjórar sögur frá hendi Jóns Oddssonar Hjaltalín* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2006).

⁹ Þess má geta að Hallgrímur orti kvæði sem nefnist *Slátturíma* og hefst þannig: Stutt er kveðjan, kæri Jón! Það er væntanlegt í 5. bindi heildarútgáfu hans sem unnið er að á Árnastofnun.

ingar það getur haft að birta kvæði á prenti. Ef *Sláttukvæði* hefði ekki verið prentað í útgáfunni 1885 er ekki víst að Grímur Thomsen hefði tekið það upp í útgáfu sína 1890 en afleiðingarnar eru þær að margir telja víst að Hallgrímur Pétursson sé höfundur þess – jafnvel þótt sá mæti fræðimaður Jón Samsonarson hafi sýnt fram á annað í *Óprentaðri* lokaritgerð sinni. Ég vona að sú staðreynd að þetta greinarkorn mitt mun birtast á prenti verði til þess að sr. Jón Oddsson Hjaltalín, forðum sóknarprestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, njóti í framtíðinni þess heiðurs að vera með réttu talinn höfundur þessa skemmtilega kvæðis.¹⁰

¹⁰ Ég vil taka fram að mörg önnur kvæði sem vissulega eru eftir Hallgrím Pétursson staðfesta glaðlyndi hans og gott skopskyn. Þess má líka geta að ég hef áður bent á að *Sláttukvæði* sé að öllum líkindum eftir Jón Oddsson Hjaltalín og ekki Hallgrím Pétursson, sjá Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2005), 197–198.

SKRIFUÐ SNORRA EDDA Í TJALDANESI

MÁR JÓNSSON

Þann 9. júlí 1813 kom Skúli Magnússon sýslumaður Dalasýslu að Tjaldanesi í Saurbæ þeirra erinda að skrá og virða eftirlátnar eigar Jóhanns Ólafssonar. Þau deili eru sögð á Jóhanni í formála dánarbúsuppskriftar að hann hafi andast í Hafnarfirði árið áður, en greinilegt er að hann hefur áður búið í Tjaldanesi og þar átti hann bækur, klæðnað og sængurföt.¹ Ekki voru eignir hans miklar eða 97 atriði metin á 43 ríkisdali og 47 skildinga, en þegar betur er að gáð sést að hér var ekki alþýdumaður á ferð, þrátt fyrir fátæktina. Prestshempu átti hann svarta og vesti við, danskar skinnbuxur í sama lit, lífbláan klæðisspenser með silfurhnöppum, eins litar manchesterpantalons og lambskinshúfu með rauðum plusskollu, að ógleymdum tveimur hárkollum og var önnur þeirra yfirskorin en hin krulluð og gul. Að öðru leyti var fatnaður Jóhanns lúinn og lítills virði, svo sem blá peysa bætt á ermum og léreftsskyrtugarmur, nærbuxnagarmar og duggara-sokkar. Undir fyrirsögninni „Í bókum“ eru 18 titlar, þar á meðal fimm handrit og eitt þeirra merkara en önnur. Ein bók bætist svo við und-

¹ Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ). Sýsluskjalasafn. Dalasýsla ED2/8. Dánarbú 1786–1825, ör 3, bl. 33–38. Þar eru uppskrift, uppboð og skipti, en í Dal. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1805–1834, bl. 27r–32r, er verðmat fært til bókar og síðan kaupendur með söluverði. Stuðst er við þessar heimildir hér og verður ekki vísað til þeirra um sérhvert smáatriði.

ir liðnum „Aðskiljanlegt“. Flest eru ritin venjubundið guðsorð sem var á öllum íslenskum heimilum á þessum árum. Hér fylgir textinn frá fyrstu bók til þeirrar síðustu. Verðmat er í ríkisdöllum courant og voru 96 skildingar í hverjum:

Í bókum

	rd.	sk.
25. Vaisenhus Biblíá vel umvent	2	7
26. Klæðabursti		11
27. Vídalíns Húspostilla í gylltu bandi með spennlum	3	
28. Gömul sálmabók úr bandi gylltu		49
29. Verners Himinsvegur		15
30. Avenarii bænir		15
31. Íslensk messusöngsbók úr bandi		20
32. Sturms Passíuhugvekjur 2. tomus		17
33. Anonymi Föstupredikanir		13
34. Skrifaðar Vikubænir Hvalsöe		9
35. Spéfill eilífs lífs sine capite rotið		9
36. Pontopidans spurningar		3
37. Skrifuð handbók fyrir presta		3
38. Campes Altarisgönguhugleiðingar		7
39. Skrifuð þykk bænabók		3
40. Hústafla		2
41. Bænareykelsi skrifað		2
42. Skrifaðar skræður bundnar í bagga rotið		7
43. Skrifuð Snorra Edda		11
44. Spéilgler með römmum		5
45. Tin rakker vegur 2 pund		47

Aðskiljanlegt

46. Tinkúpa vegur 1½ pund		50
---------------------------	--	----

47. Einn tintalerk vegur pund	21
48. Nærbuxnagarmar og duggarasokkar	5
49. Tveir smástokkar með hnapparusli	7
50. Davíðssaltari spennlaður	29

Ekki er hægt að segja nokkurn skapaðan hlut um þetta handrit Snorra Eddu og ekki var það mikið lengur í Tjaldanesi. Uppboð var haldið daginn eftir að eignirnar voru skráðar og varð niðurstaðan 111 dalir og 59 skildingar eða ríflega tvöföldun á verðmæti. Fínu fötin seldust á margföldu matsverði og var Sigmundur Magnússon bóndi og gullsmiður í Akureyjum atkvæðamestur, bróðir Skúla sýslumanns. Því miður voru sumar bókana borgaðar út í hönd eða „contant“, þannig að nafn kaupanda kemur ekki fram, og er þeim titlum sleppt:

	rd.	sk.
25. Vaisenhuss Biblía – Herra Sigmundur	10	48
27. Vídalínspostilla – Sigmundur	9	2
30. Avenarii bænir – Sigmundur		59
32. Sturmshugvekjur – Madame Halldóra Ólafsdóttir		37
33. Anonymi Föstupredikanir – Eyjólfur í Króksfjarðarnesi		35
34. Skrifaðar Vikubænir Hvalsöe – Herra Benedikt Bogason		10
35. Spegill eilífs lífs – Eyjólfur í Króksfjarðarnesi		12
39. Skrifuð þykk bænabók – Jónas í Sælingsdalstungu		32
40. Hústafla – Eyjólfur í Króksfjarðarnesi		7
42. Skrifaðar skræður í bagga – Sigmundur		50
43. Skrifuð Snorra Edda – Sigmundur		26
50. Davíðssaltari – Magnús í Holti		74

Í uppboðsbók eru tvær bækur aðrar tilgreindar: „Nýjateamentið blettað“ sem nr. 34, metið á 18 skildinga en selt Eyjólfí á 37 skildinga, og „Fæðingarsaltari skrifaður“ sem nr. 45, metinn á fjóra skildinga og ekki getið kaupanda. Benedikt Bogason var auðugur bóndi

og stúdent á Staðarfelli á Fellsströnd og Magnús í Holti var Jónsson, hreppstjóri í Stórholti í Saurbæ. Jónas var Jónsson, bóndi í Sælingsdalstungu og nokkrum árum síðar fóstri Jóns Thoroddsens verðandi skálds. Eyjólfur var Jónsson, bóndi í Króksfjarðarnesi. Madame Halldóra var systir Jóhanns og stóð fyrir búi sem húskona á Gilsfjarðarmúla í Garpsdal árið 1814.² Hún og tvær systur hennar, Anna Sophia og Sigríður, erfðu þá 20 ríkisdali og 68 skildinga sem urðu afgangs eftir að umtalsverðar skuldir Jóhanns í nærsveitum höfðu verið greiddar, sem ýmist höfðu komið til sem lán eða andvirði hýsingar og matar. Fékk hver systranna 6 dali og 86 $\frac{2}{3}$ [minnka sem brot eins og $\frac{1}{2}$] skildinga í sinn hlut eða nokkru minna en það sem Sigmundur borgaði fyrir Vídalínspostillu. Sigríður var húsfreyja á Orrahóli á Skarðsströnd árið 1816, gift Nikulási Sigurðarsyni bónda. Anna Sophia var vinnukona á Brjánslæg árið 1801 og tókukerling í Heydal í Strandasýslu árið 1835.³

Handritseigandinn Jóhann var 56 ára þegar hann lést, fæddur í Hvítadal í Saurbæ árið 1756. Foreldrar hans voru séra Ólafur Gíslason og Kristín Jónsdóttir. Ólafur var fyrst aðstoðarprestur föður síns í Saurbæjarþingum og fékk brauðið að honum látnum; kona séra Gísla Jónssonar var Anna Sophia dóttir Lárusar Gottrups lögmanns og klausturhaldara á Þingeyrum.⁴ Jóhann var heima fram yfir tví-

² *Manntal á Íslandi 1816* (Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið, 1947–1974), bls. 608, 614, 624, 627, 631, 633; *Manntal á Íslandi 1801: Vesturamt* (Reykjavík: Ættfræðifélagið, 1979), bls. 220; Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafn á slóðinni manntal.is → 1835 → Anna Sophia Ólafsdóttir. Hún finnst ekki í manntali 1816.

³ Vef. Gagnagrunnurinn Íslendingabók á slóðinni islendingabok.is, sem einnig nýttist um aðra einstaklinga sem hér er getið.

⁴ Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir*, útg. Jón Pétursson, 1. bindi (Reykjavík: 1881–1884), bls. 590.

tugt, því vitað er að 23. september 1778 brast á fárviðri þegar hann og Sigríður systir hans voru á grasafjalli upp af Hvítadal; segir svo í Vatnsfjarðarannál yngsta: „dóttir séra Ólafs Gíslasonar, Sigríður, ætlaði að leita til byggða með bróður sínum, en varð eftir af þreytu og magnleysi; varð þó af mönnum degi síðar til byggða komið, en deyði af þessu volki fáum dögum þar eftir“.⁵ Síðar var Jóhann um hríð í þjónustu Wibe amtmanns á Bessastöðum og árið 1794 var hann ráðsmaður á Skógum í Staðarfellssókn; þar lést móðir hans 24. október 1797. Árið 1801 var Jóhann vinnumaður hjá Tómasi Tómassyni gullsmið og Guðrúnu Þorgrímsdóttur í Ráðagerði við Garða á Álftanesi.⁶ Mætti sjálfsgagt rekja raunalegt lífshlaup hans nákvæmar eftir tiltækum gögnum, en verður ekki reynt hér. Hvað varðar afdrif hinnar skrifuðu Snorra Eddu eftir að hún kom í Akureyjar skal þess eins getið að til er skrá yfir eftirlátnar eigur Sigmundar Magnússonar, gerð í Innri-Fagradal 28. febrúar 1837, sem og skipti eftir hann og konu hans, Valgerði Jónsdóttur, sem lést þremur árum fyrr.⁷ Hver veit heldur nema handritið hafi á endanum lent hjá þeim mikla fróðleiksmanni séra Friðrik Eggerz sem var bróðursonur Valgerðar, átti afrit af dánarbúi Sigmundar og bjó lengi í Akureyjum ...

⁵ *Annálar 1400–1800*, 5. bindi (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1955–1988), bls. 389.

⁶ Jón Guðnason, *Dalamenn: Æviskrár 1703–1961*, 2. bindi (Reykjavík: Höfundur, 1961), bls. 451; *Mannatal á Íslandi 1801: Suðuramt* (Reykjavík: Ættfræðifélagið, 1978), bls. 356.

⁷ Handritadeild Landsbókasafns. Lbs 182 b fol. Gögn úr fórum Friðriks Eggerz, bl. 11; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. ED2/7. Dánarbú 1813–1825, örsk 1, bl. 44; Dal. ED1/1,1b. Skiptabók 1830–1837, bls. 128 og 335.

HVAD MAN KAN HITTE PAA

PETER SPRINGBORG

H. C. Andersen-følsomme læsere vil vide, at dette er titlen på en historie fra 1870, hvori en ung digterspires sind åbnes for poesiens verden, da han låner den kloge kones briller og hørørør, men da han må aflevere dem igen, kan han ikke længere ,hitte paa' – men så kan han blive kritiker. Lad os nu se, hvordan det går, når vi i stedet for låner et par briller af den kloge teknik og ved deres hjælp prøver at læse en gådefuld side i et papirhåndskrift. Vil de åbne vejen til ny opdagelser?

Den overstregne side i AM 181b fol.

Siden, det skal dreje sig om her, er den allersidste i præsten Þorsteinn Björnssons store sagahåndskrift fra omkring midten af 1600-tallet, ,er Sigurdr Biornnsson logmadur eignadizt', som Arne Magnusson oplyser. Og det er fra ham, Arne Magnusson selv fik det. Håndskriftet har ifølge en gammel foliering omfattet ikke mindre end 548 blade, skrevet med tæt skrift i tospaltet opsætning, en omfangsrig bog, som Arne Magnusson har delt op i enheder af forskellig størrelse. Bogen sluttede med en samling riddersagaer, hvoraf den allersidste er *Mottuls saga*, der sammen med *Erex saga* og *Samsons saga* i dag udgør det tynde hæfte i gråt papbind med signaturen AM 181b fol.

Når Arne Magnusson delte sine papirafskrifter op i mindre portioner, kom han indimellem til at stå i den situation, at en tekst sluttede på samme side, som den næste begyndte. Problemet kunne løses ved at lade tekstens slutning afskrive og derefter strege den ud i håndskriftet, eller ved at lade begyndelsen af den nye tekst afskrive og derefter strege den ud i håndskriftet, velsagtens afhængigt af, om tekstsiftet finder sted på en verso- eller rectoside. Udstregningen blev foretaget med de karakteristiske, løbende kruseduller.

I AM 181b fol. slutter *Mottuls saga* på bl. 17r, og hele versosiden, bl. 17v, er optaget af en tekst, skrevet i to spalter efter håndskriftets praksis, men den er grundigt overstreget med kruseduller, således at det ikke umiddelbart kan afgøres, hvilken tekst der er tale om (fig. 1). Man kan se, at den har en overskrift, og det kunne derfor dreje sig om begyndelsen af en ny sagatekst, og højre spalte afsluttes (ligesom venstre spalte) med en zigzag-streg, der bruges under kustoder, hvorfor man kunne forvente en fortsættelse af teksten på et følgende, tabt læg.

Krusedullerne er dog ikke mere effektive, end at man kan ane, at den underliggende tekst ikke er skrevet med den samme hånd som *Mottuls saga*, og ved et mere tidskrævende eftersyn har det kunnet konstateres, at det ikke drejer sig om en ny saga i håndskriftet, men om en afskrift af *Krukksþá*,¹ en slags 'visionstekst', der menes opstået i 1600-tallet og findes i en længere og en kortere version. Den er overleveret i en række håndskrifter fra 1600-tallet og senere. I den længere version fremsiger en vis Jón krukur en række spådomme især om kommende biskopper og naturkatastrofer. Han får sine visioner,

¹ Jfr. *Mottuls saga*, udg. Marianne E. Kalinke, Editiones Arnarnagnæanæ B 30 (København: Reitzel, 1987), cviii.




Fig. 1. AM 1816 fol., bl. 17v: den overstregne side.

når han sover i det fri, gerne ved jule- og nytårstide, og om morgenen meddeler han ‚Pétur sinn‘, hvad han har set. Disse seancer henlægges til årene mellem 1516 og 1523, hvor han siges at være ‚sæll‘. Det har været hævdet, at skriftet, og det vil sige den længere version, er forfattet af Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) og at tekst nr. 1 i AM 409a 4to (jfr. nf.) skulle være hans autograf og originalmanuskriptet, men det må ifølge den seneste undersøgelse anses for højst usikkert.² Den kortere version samler sig om en enkelt vision julenat 1581 og nævner ikke Jón krukku ved navn. Overskriften lyder: ‚Krukkspá, er skeði og fram fór á einni jólanótt þá datum skrifaðist 1581, hljóðar sem eptir fylgir‘.³

Siden uden kruseduller

En egentlig læsning af den udstregede tekst i AM 181b fol. har imidlertid ikke været mulig, før teknikken i 2011 stillede nogle nye briller til disposition. Det var dels fotografering med et kamera, der er følsomt over for stråler i det infrarøde område, dels skanning i en såkaldt multispektral-skanner (Videometer). Ved den første metode blev overstregningen frasepareret, og teksten trådte ganske klart frem. Optagelsen dækkede hele siden og kunne manipuleres med hensyn til skarphed og kontrast, men billedet var lille (fig. 2). Ved den anden metode dækker skanningsfeltet kun et mindre område, i dette tilfælde ca. 1/6 af siden, hvorfor det var nødvendigt med seks skanninger for at få hele siden. Med et særligt program kan disse del-

² Einar Gunnar Pétursson, *Um Eddurit* (Reykjavík, 1998), s. 147f.

³ I Jón Þorkelsson, *Þjóðsögur og munnmáli*, nýtt safn (Reykjavík, 1899), kap. CLIII, er begge versioner aftrykt. Den kortere afviger dog lidt fra de i denne artikel omtalte håndskrifter, og mangler bl. a. den indledende ‚datering‘ (s. 225–226).




Fig. 2. AM 181b fol. 17v: fotograferet i infrarødt lys.

optagelser dog ,limes' sammen, så at man kan få et indtryk af, hvordan hele siden har set ud. På billedet ses overstregningerne som skygger, men den underliggende tekst er for så vidt tydelig nok (fig. 3). Optagelsen kan på forskellig måde manipuleres for at opnå større skarphed og kontrast, og billedet kan forstørres og formindskes. I begge tilfælde kan billederne printes ud.⁴ Med disse brillers hjælp er det blevet muligt at fastslå, at der er tale om en afskrift af hele den

⁴ Den infrarøde optagelse er foretaget af konservator Niels Borring, Statens Museum for Kunst, med museets kameraudstyr, og scanningen med Nordisk Forsk-

kortere version af *Krukksþá*, og at den omtalte zigzag-streg nederst i højre spalte ikke udsmykker en kustode, men markerer tekstens afslutning. Teksten kan nu læses og afskrives, med støtte i andre afskrifter af teksten, først og fremmest tekst nr. 5 i AM 409a 4to. Den kan dermed konfereres, som Arne Magnusson ville sige, med andre afskrifter.

Et hjørne uden tekst

På de øverste fem linjer i spalte b ses en bar plet i teksten (se fig. 1). Den har krævet brug af andre briller, idet hverken de infrarøde eller de multispektrale har kunnet afdække spor af skrift på dette sted (fig. 2 og 3). Men heller ikke ved belysning med ultraviolet lys eller ved hjælp af et digitalt mikroskop (Dino Lite) er det lykkedes få øje på noget.⁵ Papiret bærer ikke tydelige mærker af fysisk overlast, fx i form af radering. Umiddelbart må man derfor tro, at forlægget har været ulæseligt eller på anden måde defekt på dette sted og at skriveren har ladet plads stå åben med henblik på senere udfyldning, som det var almindeligt at gøre. Men det forklarer ikke, at nogle af bogstaverne på overgangen mellem den bare plet og den omgivende tekst står skyggeagtigt, fx k i folk, o og halvdelen af g i ,og‘ og b i ,brender‘ på linje 5.

ningsinstituts multispektral-skanner er udført af lektor Michael Lerche Nielsen. De bringes hermed stor tak.

⁵Og tak for hjælpen til konserveringstekniker Sille Bræmer Enke, Den Arnamagnæanske Samling.




Fig. 3. AM 181b fol, bl. 17v: øverste tredjedel af spalte b i multispektral-scanning.

En anden afskrift med hul i teksten

I AM 409a 4to er samlet fem afskrifter af *Krukksþá*, hvoraf nr. 1 (jfr. ovf.), 2 og 3 repræsenterer den længere version, og nr. 4 og 5 den kortere. I nærværende sammenhæng er tekst 5 særlig interessant, dels fordi denne afskrift har en åben plads samme sted i teksten som 181b, dels fordi Arne Magnusson har kollationeret den med to andre afskrifter, således som han har noteret øverst på den første side (fig. 4):

Confererad við hönd | Sr Jons í Villinga hollti | Jtem við annað
Exemplar sem | átt hafði Sal. Þormodur | Torfason

Læsemåder fra Jón Erlendssons afskrift er indført som rettelser i selve teksten, både af en skriverhånd og af Arne Magnusson, mens Arne Magnusson har skrevet læsemåderne fra Torfæus' håndskrift i margin (fig. 4 og 5).

Tekst 5 i AM 409a ligger meget tæt på 181b, og de har muligvis fælles forlæg. En identifikation af hænderne turde være mulig og ville kunne bidrage til at afklare spørgsmålet.

Efter at Arne Magnusson havde fået afskriften i 409a, kunne han trygt strege *Krukksþá* ud i 181b, hvor den er et fremmedelement blandt riddersagaerne.

De to afskrifter, Arne Magnusson brugte til at konferere med

Håndskriftet med Jón Erlendssons hånd, som Arne Magnusson har benyttet ved kollationeringen, må være Nks 1281 fol., et stort blandingshåndskrift, der har tilhørt lovmanden Sigurður Björnsson, den samme, der også har ejet Þorsteinn Björnssons håndskrift. Tilskrifter




Fig. 4. AM 409a 4to, bl. 25r (tekst 5): begyndelsen af Krukkspå, med tilskrift af Arne Magnusson.




Fig. 5. AM 409a 4to, bl. 26r (tekst 5): Arne Magnussons udfylning af lakunen og tilføjeelse af læsemåder fra Torfæus' håndskrift.

i 1281 med Arne Magnussons hånd viser, at han har benyttet denne bog, og de læsemåder med ‚hond Sr Jons‘, som Arne Magnusson og hans skriver har indført i 409a, stemmer helt med 1281.

De tekstmæssige relationer i øvrigt må afvente en nærmere undersøgelse.

Det andet håndskrift, Arne Magnusson brugte og som har tilhørt Pormóður Torfason (Torfæus), er formodentlig identisk med nr. XV i Arne Magnussons katalog fra 1712 over Torfæus' håndskrifter.⁶ Det eksisterer ikke længere i hel tilstand, da Arne Magnusson også delte dette håndskrift op i mindre dele, da han senere blev ejer af det. Nogle af dem findes stadig i samlingen, mens andre er tabt. På indholdsoversigten over hs. nr. XV står *Krukksþá* som nr. 2, med denne notits føjet til:

grei (hana confererade eg vid annad mitt exemplar 1721, og reif so þessa i sundur). var med sömu hendi sem Móttuls saga.

Det håndskrift, Arne Magnusson her siger, han har konfereret *Krukksþá* med i 1721, ‚annad mitt exemplar‘, må være tekst 5 i AM 409a 4to, jfr. den ovf. citerede notits heri. Bagefter har han revet afskriften af *Krukksþá* i nr. XV i stykker og streget sin notits på indholdsoversigten ud. Han oplyser også, at *Krukksþá* var skrevet med samme hånd som *Móttuls saga*, der har fulgt lige efter i håndskriftet, men det vil være svært kontrollere i dag, når *Krukksþá* er makuleret. Kristian Kålund har angivet dette faktum med et † ud for titlen i sin udgave af Arne Magnussons katalog. Kålund kunne dog ikke vide,

⁶ Kr. Kålund, ed., *Arne Magnussons i AM. 435 A-B 4to indeholdte håndskriftfortegnelser* (København, 1909), s. 78.

at der faktisk stadig eksisterede en lille rest af den, for den har været skjult helt op til 1972.

Da Arne Magnusson delte håndskrift nr. XV op, skulle han også separere *Krukksþá* fra *Mottuls saga*, der begynder nederst på en versoside. Her benyttede han så en tredje, og mere rå, fremgangsmåde, idet han simpelthen fjernede slutningen af Krukks þá ved at klippe den øverste del af bladet væk (fig. 6).

Da den af håndskrift nr. XV udskilte afskrift af *Mottuls saga* (nu AM 588h 40) i 1770'erne blev indhæftet i et gråt papbind, blev det halve blad med sagaens begyndelse klæbet fast til et forsatsblad, så at man ikke så, hvad der stod på rectosiden. Ved en konservering af håndskriftet i 1972 blev det halve blad atter skilt fra forsatsbladet, hvorved den skjulte rectoside blev synlig (fig. 7).

Her finder man så otte linjer, plus en halv foroven, af den makulerede afskrift af *Krukksþá*, og man ser straks, at *Krukksþá* og *Mottuls saga* er skrevet med samme hånd, sådan som Arne Magnusson havde noteret. Arne Magnusson har krydset teksten over og neden under skrevet: ‚ur Krukksþá / habeo alibi‘. Dette ‚alibi‘ må referere til tekst 5 i AM 409a 4to, ligesom ‚annad mitt exemplar‘ ovf. I 409a, på det korte stykke, der svarer til de otte og en halv linje i 588h, har skriverhånden foretaget et par rettelser, der stemmer med læsemåder i 1281, mens Arne Magnusson i marginen har tilskrevet ‚kontrarettelser‘ fra Torfæus' eksemplar. De stemmer både med 588h og 409a selv, og desuden med 181b. De tre afskrifter ligger åbenbart tæt på hinanden.

Da *Mottuls saga* i 588h ifølge Marianne Kalinke går tilbage til ‚(derive(s) ultimately from‘) 181b,⁷ ville det være nærliggende at forestille

⁷ Om *Mottuls saga* i AM 588h 4to, se *Mottuls saga*, ed. M. Kalinke, cxxx–cxxxvii. Det afdækkede blad med *Krukksþá* omtales s. cxxx.




Fig. 6. AM 588b 4to, bl. 1v: begyndelsen af Mottuls saga.

sig, at det samme måtte gælde for *Krukksþá*, hvis den var skrevet til i 181b på det tidspunkt. De otte og en halv linje *Krukksþá* i 588h er dog ikke meget at bygge på, og man kan ikke vide, om der også har været en bar plet i dette håndskrift. Som en senere tilføjelse i 181b står *Krukksþá* desuden efter *Mottuls saga*, og ikke foran som i Torfæus' eksemplar.

Desværre kunne de tekniske briller ikke bringe en helt ny og ukendt tekst for dagen under krusedullerne i AM 181b fol., og heller ikke megen poesi, men de har på den anden side åbnet mulighed for at skabe lidt mere sammenhæng i overleveringen af en velbekendt tekst – dersom nogen skulle have lyst til at påtage sig opgaven.

CHICKENS IN THE NORTH: A RETROSPECTIVE

PHILIP LAVENDER

In a roundtable where the question of genre was discussed in relationship to *fornaldarsögur*, the scholar to whom this piece is dedicated revealed a perhaps surprising penchant for things gallinaceous. The revelation was as follows:

I have a book at home entitled *Cluck! The True Story of Chickens in the Cinema* (Fink, 1981) in which every movie in which a chicken – living or dead – appears, or in which words such as ‘chicken’, ‘hen’ or ‘rooster’ are mentioned, is listed and rated. Although rather extreme (and not entirely serious), is this really any more far-fetched than grouping narratives according to where and when they take place?¹

Perhaps on this auspicious occasion it is neither too ‘far-fetched’ nor ‘extreme’ to consider the task of categorising poultry appearances in Old Norse-Icelandic literature and considering how the chicken in question might lead us to a greater understanding of generic categories.

¹“Interrogating Genre in the *Fornaldarsögur*: Round-Table Discussion,” *Viking and Medieval Scandinavia* 2 (2006): 275–294, here 294.

Chickens, like *fornaldarsögur*, are something of a generic hybrid. While from a purely scientific point of view they are most certainly avian, in the common conception however they find a more ready home alongside cows and pigs as farmyard animals (a connection strengthened by the groundedness of the flightless bird). Perhaps it is this dual character which problematises the easy representation of henkind in various types of text. Space prevents anything but the most cursory of overviews.

In the lists presented in the ‘Skáldskaparmál’ section of *Snorra Edda* pride of place is given to the raven and the eagle. It seems that the chicken is not of use when extolling the virtues of a great lord or recounting deeds of derring-do. Nevertheless, in two texts, those contained in AM 748 I b 4to and AM 757 a 4to, a list of ‘hana heiti’ can be found amongst the additional *þulur* appended to the canonical text. The list is as follows:

Fegringr hani
 fialarr ok aslákr
 kokr salgofnir
 kambri viðofnir
 gylmir gallvs
 ok gallina
 hønna keila
 habroc kaða.²

The words for ‘chicken’, ‘hen’ and ‘rooster’ are here listed but not rated (neither will there be an attempt at translation, for fear of producing something x-rated).

² *Edda Snorra Sturlusonar*, vol. 2 (Copenhagen: J.D. Qvist, 1852), 488.

Swans, eagles and hawks all make their presence felt in mythic narratives, often associated with divine or supernatural beings through a process of metamorphosis. Maria Elena Ruggerini has discussed some of these divine flights.³ The chicken, alas, is excluded – she cannot take wing and would thus be an unfitting alias in a high-speed aerial pursuit involving a disgruntled giant. She does raise her head, however, in the form of the god Hænir. Little is known of him, though we are told by Snorri that he can be referred to as “*sessu eða sinna eða mála Óðins ok hinn skjóta Ás ok hinn langa fót ok aurkonung*”.⁴ His most memorable appearance is in the story of his encounter with Þjazi, along with Óðinn and Loki, which ultimately leads to the purloining of the gods’ apples of immortality. While his role in the story seems minor as presented in *Snorra Edda* and *Haustlǫng*, Richard North has explained the exchanges which take place in terms of the bird symbolism of the characters. Þjazi is in the form of an eagle and Hænir’s feathered double comes to look insignificant in comparison. Loki is called ‘holls vinar Hœnis’ and North says that he (that is, Loki):

... takes a violent dislike to Þjazi out of protectiveness towards Hœnir (i.e. ‘cockerel’), a smaller bird to whom ... the eagle speaks first. Now Loki’s epithet tells us that he suffers for his loyalty. Loki suffers because he was *hollr* to Hœnir but not to Þjazi.⁵

³ Maria Elena Ruggerini, “Tales of Flight in Old Norse and Medieval English Texts,” *Viking and Medieval Scandinavia* 2 (2006): 201–238, here 202–217.

⁴ Anthony Faulkes, ed., *Edda: Skáldskaparmál*, vol. 1 (London: Viking Society, 1998), 19.

⁵ Richard North, ed., *The Haustlǫng of Þjóðólfr of Hvinir* (Enfield Lock: Hisarlik Press, 1997), 33.

Throwing one's lot in with a chicken, it would seem, is ill-advised.

In the *Íslendingasögur* the chicken is perhaps most present in the tale of Hænsa-Þórir (a footnote in the Íslenzk Fornrit edition states that “[a]lifuglaræktar er fremur sjaldan getið í fornöld”). There we are told:

Þórir hét maðr; hann var snauðr at fé ok eigi mjök vinsæll af alþýðu manna. Hann lagði þat í vanda sinn, at hann fór með sumarkaup sitt heraða í milli ok seldi þat í ǫðru er hann keypti í ǫðru, ok græddisk honum brátt fé af kaupum sínum. Ok eitt sinn, er Þórir fór sunnan um heiði, hafði hann með sér hœns í ǫr norðr um land ok seldi þau með ǫðrum kaupskap, ok því var hann kallaðr Hænsa-Þórir.⁶

It is immediately apparent that Þórir is not presented in a positive light. He is stingy and grasping. While the story of the journey from which Þórir ‘the poulterer’ receives his nickname, could be false etymologizing – the selling of fowl might seem to be a strange activity to reprove somebody for – one may assume that the nickname is not fortuitous, given this context. The chicken is not a generous beast.

In *riddarasögur* the chicken mostly appears roasting upon a spit, suggestive of the lavish adornments of the chivalrous life. It seems it fares better dead than alive. And so it is that this brief overview has shown that the humble chicken comes off rather poorly as a whole in septentrional literature. Nevertheless, to turn our eyes from objects of study which others scorn is not generous in a scholar. We should look upon both the fair and the fowl with a balanced and judicious

⁶ Sigurður Nordal and Guðni Jónsson, eds., *Borgfirðinga sögur* (Reykjavík: Hið Íslenska fornritafélag, 1938), 6.

eye. Moreover, a sense of humour, always present in the work of the dedicatee, is always a welcome addition.

PARADÍSARREISA

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

„Somme kjærringer er slige!“ er norskt kímniævintýri sem birtist fyrst undir þessum titli í safni Asbjørnsens og Moes í *Norske folkeeventyr*.¹ Sagan segir frá bónda sem blöskrar svo heimaska eiginkonu sinnar að hann ákveður að skilja við hana nema hann finni þrjár kerlingar sem séu jafnvitlausar og hún. Honum tekst það fljótt og vel því hann rekst á eina sem reynir að bera birtu í hús í svuntunni sinni og aðra sem reynir að berja karlinn sinn í skyrtuna en hefur gleymt að gera á hana hálsmál. Sú þriðja spyr hann hvaðan hann komi og þegar hann segist vera frá Hringaríki heldur hún að hann sé frá himnaríki og spyr eftir fyrri eiginmanni sínum. Bóndinn segir að hann hafi það ekki gott og skorti ýmislegt. Konunni finnst það nú ómögulegt og lætur bóndann fá bæði hest og kerru og fyllir kerruna af klæðum auk þess sem hún lætur manninn fá skrin fullt af silfurpeningum. Núverandi eiginmaðurinn, sem sér utan af akrinum að ókunnugur maður ekur úr garði, flýtir sér heim og spyr kerlingu sína hvað sé um að vera. Hann áttar sig strax á að hún hefur verið plötuð og eltir manninn ríðandi. Viðskiptum mannanna tveggja lýkur síðan á því að prakkarinn plat-

¹ *Norske folkeeventyr samlede ved Asbjørnsen og Jørgen Moe, første deel* (Christiania, 1843).

ar einnig hestinn út úr eiginmanninum og snýr síðan aftur heim þar sem hann kemst að því að konan er búin að sá salti í akurinn.

Jens Benediktsson þýddi ævintýrið ásamt fleirum úr safni Asbjørnsens og Moes og birtist sú þýðing fyrst, undir titlinum „Grunnhyggnu kerlingarnar“, í fjórum hlutum í *Morgunblaðinu* 1.–7. desember 1943. Auk þess var þessi norska saga þýdd af Bjarna Gunnarsen og prentuð sem „Maðurinn frá Hringaríki og kerlingarnar þrjár“ með öðrum þýðingum hans í *Nokkrar smásögur* 1853.² Þýðingin var síðan gefin út sérstaklega 1925 og endurprentuð 1930.³ Seinna þýddi Steingrímur Thorsteinsson söguna undir sama titli og birtist sú þýðing fyrst í *Sunnudagsblaðinu* 1927, en seinna í *Ævintýrabók Steingríms Thorsteinssonar* (1947).⁴

Sagan hefur ratað bæði út í handritageymd og munnlega því hana er að finna í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar undir titlinum „Heimskar kerlingar“.⁵ Framan á handritinu, sem ekki er vitað hver skrifaði, er vísað til þýðingar Bjarna Gunnarsen en sagan er þó ekki skrifuð upp eftir henni. Ein þekkt hljóðritun er til af sögunni en hún var gerð af höfundu þessarar greinar með Ásu Ketilsdóttur (f. 1935), húsfreyju á Laugalandi í Skjaldfannardal, 22. mars 2010.⁶ Ása Ketilsdóttir er

² *Nokkrar smásögur*, íslenzkað hefur Bjarni Gunnarsen (Akureyri, 1853), 36–47.

³ *Karlinn frá Hringaríki og kerlingarnar þrjár: Gamansaga með myndum* (Akureyri, 1925).

⁴ Báðar þessar þýðingar eru áreiðanlega gerðar úr dönsku eftir sagnasafni Christians Molbech: 1. útg. kom út 1843 undir titlinum *Udvalgte eventyr og fortællinger: En læsebog for folket og for den barnlige verden*; og 2. útg. endursk. og aukin 1854 og hét *Udvalgte eventyr eller folkedigtninger: En bog for Ungdommen, Folket og Skolen*.

⁵ Lbs 538 4to, 20. kver, nr. 3; pr. í JÁ 5, 313.

⁶ Upptakan hefur ekki enn verið skráð inn í þjóðfræðisafnið og ber þ.a.l. ekki safnmark, en frumupptakan er merkt safnara: RÞ 2010/2.

þekkt kvæðakona og hafa verið gerðar margar hljóðritanir á kveðskap hennar þar sem hún fer með ógrynni af vísum, barnagælum og þulum, rímnaerindum og kvæðum. Nú hefur komið í ljós að Ása kann einnig ótal sögur og ævintýri og á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að hljóðrita þær. Ása var alin upp við ríka kvæða- og sagnahefð því báðir foreldrar hennar kváðu og sungu og sögðu sögur.⁷ Sagan um manninn frá Hringaríki er ein þeirra sagna sem Ása lærði af móður sinni en Ása vissi ekki hvort móðir hennar hefði lært söguna af lestri eða af að heyra hana sagða. Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli sagði einnig frá því í útvarpserindi að hann hefði heyrt söguna sagða og raunar segir hann hana sjálfur í þessu sama erindi.⁸

Þessi ævintýragerð hefur fengið númerið 1384 (*The Husband Hunts Three Persons as Stupid as His Wife*) í skránni, sem kennd er við Aarne og Thompson, yfir gerðir ævintýra⁹ og auðvelt væri að slá því föstu að þetta sagnaefni hefði borist til Íslands frá Noregi á 19. öld, eftir að hinir norsku þjóðsagnasafnarar skráðu söguna rétt fyrir miðja öldina. En saga með svipuðu efni var greinilega á sveimi hér á landi fyrir þann tíma, en sú er flokkuð sem AT 1540 (*The Student from Paradise (Paris)*).

Árni Jónsson, kallaður Eyjafjarðarskáld, fæddist 1760 á Rifkelsstöðum í Eyjafirði, en ólst upp hjá hreppstjóranum á Stórahambri. Hann dvaldist síðan á ýmsum bæjum í Eyjafirði, var bóndi á Garðsá 1801, en síðast á Sámsstöðum og dó þar 1. ágúst 1816. Í *Rímnatali* er

⁷Rósa Þorsteinsdóttir, „Heimur Ásu,“ í *Vappaðu með mér Vala*, Ása Ketilsdóttir kveður, syngur og segir sögur, umsjón með útgáfu Rósa Þorsteinsdóttir og Skúli Gautason (Hólmavík, 2010), [3].

⁸Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli, *Dagar mínir og annarra* (Akureyri, 1982), 93–102.

⁹AT = Antti Aarne & Stith Thompson, *The Types of the Folktale* (Helsinki, 1961).

sagt að Árni hafi „jafnan [verið] fátækur, en vel kynntur og með kunnustu alþýðuskáldum norðanlands á sinni tíð“.¹⁰ Nokkuð af kveðskap hans er varðveitt í handritum, þar á meðal rímur. Meðal þeirra sem eru eignaðar Árna eru rímur af Mylnumanni, af Sigmundi Brestisyni og af Víga-Glúmi. Áhugaverðust í þessu samhengi er þó *Hjónaríma* sem einnig er kölluð *Reisan til Paradísar* eða *Paradísarreise*. Efni rímunnar, sem er 65 erindi, er rakið þannig í *Rímnatali*:

Ferðalangur hittir bóndakonu og kveðst koma frá París. Henni heyrir hann segja Paradís og spyr þá eftir fyrri manni sínum. Gestur kveður hann allt skorta. Hún ténir þá saman ýmsa góða gripi og biður gestinn að færa honum. Seinni bóndi hennar kemur heim, skilur svikin og ríður á eftir prakkaranum, en honum tekst með hrekkjabrögðum að ná hestinum af bónda, sem kemur síðan hestlaus og sneypur heim.¹¹

Í *Rímnatali* kemur einnig fram að kvæði séu til um sama efni, m.a. eftir Sigfús Jónsson á Laugalandi í Eyjafirði og Einar Ól. Sveinsson hefur bent á að í handritinu ÍB 512 8vo, sem er skrifað 1802, sé að finna sögu af þessari gerð. Hún sé greinilega runnin frá sagnasafninu *Lustige Gesellschaft*¹² sem út kom í Leipzig 1656. Elsta þekkta tilbrigðið af sögunni er annars í latnesku kvæði sem út kom ásamt fleiri kvæðum árið 1509.¹³ Kvæðið það byggir samt áreiðanlega á sögu sem

¹⁰ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, 2. bindi (Reykjavík, 1966), 13.

¹¹ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, 1. bindi, 235.

¹² Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten* (Helsinki, 1929), 163.

¹³ Sjä Antti Aarne, *Der Mann aus dem Paradiese* (Helsinki, 1915), 3–5; Johannes Bolte & Georg Polívka, *Anmerkungen zu den Kinder- u. Hausmärchen der Brüder Grimm*, 2. bindi (Leipzig, 1915), 440–447.

lífað hefur á vörum fólks víðsvegar um Evrópu í aldir þar á undan því sagnagerðin er þekkt allt frá Indlandi til Vestur-Índía.¹⁴

Þjóðsagnafræðingurinn Linda Dégh hefur bent á að:

For the folklorist it must be clear that behind the variant chosen for recital there is a long line of told, written, printed, illustrated, expanded and reduced variants. Each of these, singly and collectively contributes to the new variant's formulation, hand in hand with new situational contexts.¹⁵

Þótt Dégh sé þarna að vísa til evrópskrar hefðar á þetta ef til vill hvergi betur við en á Íslandi. Hér hefur lestrar- og skriftarkunnátta verið við lýði allt frá miðöldum og líklegt er að mörg ævintýri í ís-lenskri sagnahefð hafi farið endurteknar ferðir á milli skrifaðs texta og talaðs máls, bundins og óbundins.

¹⁴ AT, 444.

¹⁵ Linda Dégh, „The Variant and the Folklorization Process,“ í *D'un conte ... a l'autre: La variabilité dans la littérature orale*, ritstj. Veronika Görög-Karady (Paris, 1990), 161–173, hér 167.

HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ

SILVIA HUFNAGEL

Fornaldarsögur and manuscripts studies are “the most fun things you can do with your clothes on”, to put Jerry Della Femina’s words into their truly rightful context. I would therefore like to present our *Jubililar* with a collection of some passages that made me laugh (and thus prolonged my life considerably), and I hope that others, and especially Matthew, will also see the funny side of them. But be warned, some of them are very ironic. And all of them might be nerdy. But see for yourselves.

Some passages that caught my attention concern names. I learned that it is common in modern-day Iceland to name your children after your parents and that it was not uncommon in former times to give two of your children the same name. We can already find that in *fornaldarsögur*. *Hálfs saga og Hálfsrekka*, for example, mentions two sons, both called Steinn (easy to call them when dinner’s ready).¹ They got the nicknames Innsteinn and Útsteinn (not so easy to play poker with them: “Are you in or out?”). Other names indicate family ties as well, for example the siblings Sölvi and Sölva in *Af Upp-*

¹ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, ed. C.C. Rafn, vol. 2 (Copenhagen: Popp, 1829–1830), 36–37.

*lendinga konungum*² or Frosti and his son Snær in *Fundinn Noregr*.³ That reminds me of some *feðgar* in Western Iceland who I met in 2001. The father was a very vivacious man and thus had the nickname Stormur. Well, his son was the very opposite – and therefore got the nickname Lognið.

A knowledge of Icelandic food and the spelling conventions of a nineteenth-century edition make some nicknames funnier than they might otherwise be. In *Héðins saga og Hlöðvers* (no *fornaldarsaga* but still worth reading) a very tall man named Karl, the father of Þýgol from Bláland, went to Sweden. There the people gave him the nickname Hákarl.⁴ Other names are wrong-telling names in a rather ironic way to begin with. Hrókur in *Hálfs saga* fought against Sveinn hinn sigursæli. Sveinn fell.⁵ And in some cases scribal interventions and mistakes in manuscripts make nicknames funnier or ironic. In Lbs 2319 4to, for example, Göngu-Hrólfur's enemies Annis and Rauðam became "Aanus" and "Rodent".⁶ Jörun, the wife of Án bogsveigir, gives Án's son Þórir the nickname háleggur, because she has not seen anyone with longer legs. In Lbs 2319 4to the scribe left out the "not".⁷ *Áns saga* is in several instances dripping with heavy irony, for example when Án mutilates Ketill and calls him *kongs gersemi*.⁸

² See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 2, 103.

³ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 2, 17.

⁴ See *Sagan af Héðni og Hlöðvi*, ed. Jónas Jónsson and Stefán Egilsson (Reykjavík: Einar Þórðarson, 1878), 10.

⁵ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 2, 59.

⁶ Lbs 2319 4to, fols. 128r and v.

⁷ See Lbs 2319 4to, fol. 147r.

⁸ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 2, 341–342.

Other passages are written in such a laconic way that they get quite comical. Sörli sterki rips off the ear, cheek and beard of his enemy Tófi, who became “þá mjök ófriðr ásýndar”.⁹ *Héðins saga* begins with the description of King Akkas of India, who “var ríkr konungr, en eigi vitr”.¹⁰ Örvar-Oddur sees a strange house during one of his Viking adventures; so strange was the house that he did not want to go in. It was made of stones. And when the locals went in, there was such “læti, þau er þeir hafa aldri þvílík heyrtr”.¹¹ It turns out the house was a church and the locals went to mass. And I finally found out where the Austrian band Alkbottle got the title of their song “Wir san auf kana Kinderjausn” (Wir sind auf keinem Kindergeburtstag): Böðvar suggests in *Hrólfs saga kraka* to break through the walls of the burning house they are trapped in, “en þat var þó ekki barnaspil”.¹²

Even fans of Monty Python will get their money’s worth when reading some *fornaldarsögur*, in my opinion particularly *Göngu-Hrólfs saga*. The scene where Göngu-Hrólfr has his feet (or legs) chopped off, but still manages to get onto his horse and rides to his friend’s house, hops off the horse, gets into the house and then into a chair is quite pythonesque.¹³ Even the battle scenes, which are considered tedious by some people (read: virtually everybody who is not into *fornaldarsögur*), contain some comical episodes that makes me no longer wonder from where Monty Python really got their idea for the Black Knight in “Monty Python and the Holy Grail” (called “Die

⁹ *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 3, 424.

¹⁰ *Sagan af Héðni og Hlödvi*, 1.

¹¹ *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 2, 227.

¹² *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 1, 88.

¹³ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 3, 306–307.

Ritter der Kokosnuss” in German, by the way): Styrri sterki and his brother Brúsi beinserkur hacked off both arms of Sölvi, who goes on to fight and headbutts one of his enemies to death.¹⁴

I hope that this short and most definitely not comprehensive list extended your lives with a few extra days, so that we can celebrate a lot of future birthdays together. And thank you, Matthew, for introducing me to both *fornaldarsögur* and manuscript studies!

¹⁴ See *Fornaldar sögur norðrlanda*, vol. 3, 331.

NAFNARUGL

SJÖFN KRISTJÁNSDÓTTIR

Afmælisbarnið Matthew James Driscoll, Matti, er búsettur í Kaupmannahöfn, fæddur Bandaríkjamaður af írskum ættum og íslenskur ríkisborgari.

Nöfnin okkar eru okkur oftast dýrmæt gefin af foreldrunum í vöggugjöf.

Á Íslandi hefur verið sterk íslensk nafnahefð og hluti af nafnapólitík síðustu aldar er að íslensku ríkisfangi fylgi íslenskt nafn eða nafn sem á sér hefð í íslensku og er stafsett á íslenskan máta. Því ber Matthew sem Íslendingur nafnið Matthías Jakob, jafnan þó kallaður Matti af Íslendingum.

Elstu íslensk nöfn eiga rætur að rekja til forngermanskra eða norrænna nafna svo sem Sigurður og Guðrún. Oft eru þau samsett þar sem annar hlutinn vísar til goðafræðinnar, eins og til dæmis Þorsteinn og ótal fleiri. Með kristninni komu biblíunöfnin svo sem Kristín og Jón og mörg fleiri. Það er skemmtilegt að dæmigerð íslensk nöfn fyrir karl og konu eru Jón og Gunna – hvort úr sinni hefðinni, eins og þau Sigurður og Kristín. Töluvert rót kom á íslenska nafnahefð á síðustu öld og nafnaflóran jókst að miklum mun; sá siður að gefa barni nafn innan ættbogans, eftir afa og ömmu eða öðrum náskyldum, lét undan síga. Snemma á síðustu öld fóru að sjást nöfn beint úr norrænni goðafræði svo sem Baldur, Gylfi, Þór, Freyja, Sif o. m. fl.

Nafnið *Matthew* eða *Matthías* er biblíunafn. Komið af hebreska nafninu *Matityahu*, *Matthathias* á grísku, sem var stytt í *Matthaios* og á latínu *Matthaeus*. Nafnið varð vinsælt á miðöldum í Norðvestur Evrópu og er þekkt í mörgum evrópskum málum. Enska myndin *Matthew* varð mjög algeng um allan hinn enskumælandi heim uppúr 1970 og hefur nafnið verið eitt af 1000 vinsælustu karlmannsnöfnunum í Ástralíu, Kanada og Bandaríkjunum. Það er nú fimmtánda vinsælasta nafnið á Írlandi og í Bretlandi var það eitt af 10 vinsælustu nöfnunum 1970–1990 og það níunda vinsælasta 2001. En hefur nú hrapað í vinsældum niður í þrítugasta og áttunda sæti.

Matthew er stundum notað sem ensk mynd af írsku nafninu *Mat-húin* sem hefur merkinguna björn.

Á Íslandi kemur latneska formið *Mattheus*, sem einnig er fornenska nafnmyndin, fram í *Mattheus sögu postula*, sem þýdd er úr latínu og að sögn Ólafs Halldórssonar einn elsti texti sem til er í óbundnu máli á íslensku frá um 1225.¹

Myndin *Matteus* er notuð í íslenskri biblíu sbr. *Matteusar-guðspjall*, en sem íslenskt skírnamafn verður myndin *Matthías* ofan á. Nokkrir þekktir Íslendingar hafa borið þetta nafn svo sem *Matthías Jochumson*, höfundur texta íslenska þjóðsöngsins, og *Matthías Jóhannessen*, skáld og ritstjóri *Morgunblaðsins*. Tvo ráðherra má nefna þá *Mathiesen* og *Bjarnason*.

Myndir nafnsins eru breytilegar eftir löndum, *Matias* eða *Matti* í finnsku og *Matthias*, *Mathias*, *Matthäus* í þýsku. Í þýsku er nafnmyndin *Matti* stúlkunafn og afbrigði af annars vegar nafninu *Marta* úr aramísku og hinsvegar *Matthilda* úr forngermönsku.

¹ Ólafur Halldórsson, ritstj., *Mattheus saga Postula* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1994), v.

James og Jakob eru nokkuð ólík form sama nafns. Það er líka biblíunafn komið úr hebresku, Yaaqov, og merkir: „sá sem kemur í staðinn“. Gríska myndin verður Jakobos og sú latneska Jacobus. Það hefur breiðst út víða og tekið á sig enn fleiri myndir en Matthíasarnafnið svo sem: Jacob, Jacques, Jago, Jagu, Iago, Ib, Diego, Diogo, Giacomo, Hamish, Jamie, Jim, Jimbo, Jimmy og Seamus. Enska orðið sker sig nokkuð úr líkist þó írsku mynd nafnsins Séamus. Í ensku kemur nafnið úr fornfrönsku, James sem afbrigði latneska nafnsins Iacomus sem var mállýsku afbrigði af gríska nafninu Iákobos. Spönsku afbrigðin eru mörg og til eru myndirnar Jacobo, Yago, Jaime og í katalónsku Jaume. Frá þrettánda öld hefur nafnið James verið notað í ensku og vinsældir þess mestar í Skotlandi þar sem all margir konungar báru nafnið. Með Jakobi fjórða, konungi alls Bretlands á 17. öld, jukust vinsældirnar mikið. Þekktir menn sem borið hafa þetta nafn eru m.a. James Cook, James Joyce og einir sex forsetar Bandaríkjanna, ekki má gleyma James Bond, Ians Flemings. Styttingarmyndir nafnsins í ensku eru Jim, Jimmy, Jamie, Jimbo og fleiri.

Íslenska myndin, Jakob, á sér samsvörum í mörgum öðrum tungumálum Evrópu. Af Íslendingum sem borið hafa þetta nafn koma helstir upp í hugann þeir Jakob Sigurðsson, listaskrifari á átjándu öld, og tuttugustu aldar maðurinn Jakob Benediktsson.

Lítum þá á Driscoll, írskt-gelískt eftirnafn O'Driscoll, í írskri stafsetningu Ó hEidirsceoil, ættað frá Cork-sýslu í Munster þar sem O'Driscoll-klanið var að fornu og taldi sig vera afkomendur írsku konungsins Lugaid mac Con.² O'Driscoll var völdugasti ættflokk-

² John O'Donovan, ritstj., „The Genealogy of Corca Laidhe,“ í *Miscellany of the Celtic Society* (Dublin, 1849). Sjá: www.en.wikipedia.org/wiki/Driscoll. Skoðað í mars 2014.

urinn í Corcu Loigde, afkomendur Dairine sem Lugaid mac Con tilheyrði. O' forskeytið var fellt niður hjá mörgum á Írlandi á sautjándu og átjándu öld. Mestur fjöldi „Driscolla“ er á Írlandi en einnig fjöldi í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og á Bretlandi. Þekktir Driscollar eru t.d. James Driscoll (f. 1977), bandarískur golfari, og Matthew Driscoll (f. 1958), bandarískur stjórnmálamaður.

Lausleg athugun sýnir að nöfn dreifast víða um lönd og álfur og taka á sig ýmsar ólíkar myndir og þarf nafnfræðinga til að rekja það því sannarlega er ekki allt sem sýnist.

Íslensk nafnaflóra er fjölbreyttari og áhrif erlendra nafna meiri en menn vilja vera láta því þeim hefur verið gefinn íslenskur buningur í framburði og stafsetningu.

Frá fornu fari hefur alltaf verið í málinu nokkuð af írskum nöfnum, má nefna Njál og Kjartan, og ekki er ólíklegt að þau séu nokkuð fleiri en talið er ef dýpra er skyggst.

Skoðum nafnið Sjöfn, eitt af þeim nöfnum sem tekin voru upp á fyrri hluta síðustu aldar eftir *Snorra Eddu*. Í kafla 35 í *Gylfaginningu* gefur Hár stutta lýsingu á 16 ásynjum sem svar við spurningu Ganglera „Hverjar eru ásynjurnar?“ Hár segir: „Sjaunda er Sjöfn, hon gætir mjök til at snúa hugum manna til ásta, kvinna og karla, ok af hennar nafni er elskhuginn kallaðr sjafni“.³

Í *Nafnaþulum* í viðauka við *Snorra Eddu* er Sjöfn meðal 27 upp-talinnna nafna ásynja, kemur fyrir í annarri vísu af þremur: „Hlín og Nanna, / Hnoss, Rindr ok Sjöfn, / Sól og Sága, / Sigyn ok Vör, ...“.⁴ Þar fyrir utan kemur nafnið aðeins fyrir í skáldskap, sem aðallhlu

³ Guðni Jónsson, ritstj., *Snorra Edda* (Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1949), 51.

⁴ Guðni Jónsson, *Snorra Edda*, 312.

kvenkenningar. Í *Gísla sögu Súrssonar*, í tvígang, sauma Sjöfn og Sjöfn silfrbands í merkingunni kona: „Hugðak Sjöfn í svefni / silfrbands of mér standa, ...“ og: „Villa oss, ef elli / oddstríðir skal bíða, mér gengr Sjöfn í svefna / sauma, mínir draumar“.⁵ Í bæði skiptin sem fyrri stuðull á móti svefn.

Í *Plácitus drápu* 14. erindi er kvenkenningin Sjöfn seims. „Hvat hafi Sjöfn at sitia / seims mælti þat heima / elda njótr við ítra / ulfvíns konu sína“.⁶

Efni *Plácitus drápu* er latnesk helgisaga um kristinn rómverskan höfðingja sem varð þíslarvottur vegna trúar sinnar. Lífssaga heilags Eustace, eða Placidusar, var vel þekkt helgisaga á miðöldum í Evrópu. Drápan er í handritinu AM 673 b 4to sem er tímasett um 1200; það er greinilega ekki fyrsta uppskrift kvæðisins heldur afrit og aldur sjálfrar drápunnar er umdeildur. Hún er þó tæpast mörgum áratugum eldri en handritið.⁷

John Lindow segir í bók sinni *Norse Mythology: A Guide to the Gods, Heroes, Rituals and Beliefs*, í frjálslægri þýðingu minni: Hvað viðvíkur upplýsingum um Sjöfn í *Gylfaginningu*, að þá sé orðið sjafni á lista í þulum sem orð fyrir ást, en samt sem áður séu engar upplýsingar fyrir utan þessar lýsingar að hafa um þessa gyðju. Lindow segir jafnframt að að sumir fræðimenn hafi komið með þá kenningu að Sjöfn geti verið annað nafn fyrir Frigg.⁸

⁵ Guðni Jónsson, ritstj., *Gísla saga Súrssonar* (Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1953), 57 og 90.

⁶ Jonna Louis-Jensen, ritstj., „Plácitus drápa,“ í *Plácitus saga*, útg. af John Tucker, Editiones Arnarnagæ B 31 (Kaupmannahöfn: Reitzel, 1998), 89–124, hér 100.

⁷ Jonna Louis-Jensen, „Plácitus drápa,“ 89.

⁸ John Lindow, *Norse Mythology: A Guide to the Gods, Heroes, Rituals and Beliefs* (Oxford: Oxford University Press, 2002), 268.

Rudolf Simek segir m.a. að þær litlu frásagnir sem séu um Sjöfn gefi ekki ástæðu til mikilla skýringa á gyðjunni.⁹

Það er grunsamlega lítið að hafa um þetta nafn og fá spor í málinu, óvíst hvernig það er myndað, af hvaða stofni og aðeins til eitt afleitt orð. Gæti ekki skýringin á heimildafátæktinni verið sú að Sjöfn sé tökuorð í íslensku. Stofninn virðist ekki að finna annars í íslenskri tungu né öðrum norrænum málum.

Gísla saga mun samkvæmt Guðna Jónssyni rituð litlu fyrir miðja 13. öld og er m.a. varðveitt í AM 556a 4to frá síðar helmingi 15. aldar. Konungsbók Snorra Eddu, Gks 2367 4to, er rituð um 1325 og því er það handrit eldra en handrit *Gísla sögu*. *Plácitus drápa* er elsta heimildin um nafnið Sjöfn og tengist sterklega kristnum hugarheimi. Í Gks 2367 4to er nafnið stafsett Siofn¹⁰ og einnig í Uppsala Eddu þar sem sjafni er líka greinilega ritað siofni.¹¹ Útgáfa Jonnu Louis-Jensen frá 1998 á *Plácitus drápu* er eftir útgáfu Finns Jónssonar sem notar samræmda stafsetningu svo ekki er hægt að segja hvernig nafnið er stafsett þar.

Hvaðan gæti þetta nafn þá verið komið?

Þegar nafnið er stafsett Siofn og lítið er til írsku þá blasa við sláandi líkindi við nafnið Siobhan. Siobhan er algengt írskt kvenmannsnafn,

⁹ Rudolf Simek, *Dictionary of Northern Mythology*, þýð. Angela Hall (Cambridge: D.S. Brewer, 1996), 286.

¹⁰ *Codex Regius of the Younger Edda: MS No. 2367 4to in the Old Royal Collection in the Royal Library of Copenhagen; with an Introduction by Elias Wessén*, Corpus codicum Islandicorum medii aevi 14 (Copenhagen: Einar Munksgaard, 1940), bl. 6v:19–20.

¹¹ *Snorre Sturlassons Edda: Uppsala handskriften DG 11* (Stockholm: Almqvist & Wiksell, 1962–1977), bl. 16v:16–18.

á sér hebreskan uppruna, merking þess er: Guð er náðugur eða miskunnsamur.

Siobhan er írsk eða gelísk mynd nafnsins Joan sem er svo aftur kvenkyns formið af nafninu John eða Jón. Vinsældir írsku leikkonunnar Siobhan McKenna (1923–1986) urðu til að endurvekja notkun nafnsins á 20 öldinni. Hún var bæði sviðsleikona og kvikmyndaleikona, lék m.a. Maríu guðsmóður í *King of Kings*. Nafnið hefur breiðst út um hinn enskumælandi heim og í Bandaríkjunum birtist það með ýmsum rithætti. Fónetísk ritun þess er Sha-Von og stundum er það skrifað svo eða Shavon en einnig sem Shevon, Shivaun, Chivon, Shivonne eða Chyvonne.

Hér hefur verið stiklað á stóru og margt fleira fróðlegt að hafa um öll þessi nöfn og tilgátan um skyldleika milli Sjöfn og Siobhan kallar á ítarlegri skoðun.

Þó ekki verði sagt að Sjöfn hafi slegið í gegn þá bregður því fyrir erlendis, t.d. er þjóðlagasöngkona að nafni Sjöfn í Alaska og Sjöfn er nafn á skífu, frá 2000, finnsku hljómsveitarinnar Gjallarhorn. Í sjónvarpsþáttum á Nýja Sjálandi, *The Almighty Johnsons*, hefur gyðjan Sjöfn líkamnast í mannlegri veru sem leikin er af Michelle Langstone. Ef hugsað er til nafnsins Jóhanna sem íslenskri samsvörun Siobhan þá er það nafn fyrsta kvenforsætisráðherra Íslands.

NORDIC ROMAN COURTOIS AND DIGITAL SCI-FI

TEREZA LANSING

There is, indeed, to all intents and purposes no limit to the information one can add to a text apart, that is, from the limits of our own imagination.

(Matthew James Driscoll)

A hitherto unedited literary gem, the *Saga of Artax the Famous and his Champions* (*Sagan af Artax fræga og hans köppum*), is extant in a single manuscript, Lbs 660 4to, in the hand of Þorsteinn Þorsteinson (1792–1863) from Skagafjörður. *Artax saga*, belonging to the genre of late Icelandic original romances, has not received wide attention in scholarly literature, if any. Since this fascinating literary piece is largely unknown, it deserves at least a brief introduction.

In alliance with handsome knights of impeccable moral integrity, Artax the famous of Bláland spends most of his truly global career warding off brutal, ugly berserks of dubious Viking background. In individual or collective operations in a network spanning from Blá-

land and India, Russia and Uppland, the courteous gentlemen encounter friends and foes that appear sometimes out of the mist but mostly out of the blue. Perhaps due to the lack of fictional space, Artax at some point resides in a kingdom that he donated to his friend earlier in the relatively brief story. Even to an experienced reader of late Icelandic prose fiction, this short but dense adventure of chivalry and exotic travels will pose a challenge. In no more than twenty chapters, about 45 different characters appear, and it is therefore not surprising that some names occur twice. Both Artax and his brother Artymon win the hand of the incredibly beautiful and courteous Rosida. Both Rosida 1 and Rosida 2 were previously unattainable, but their hearts melt at the sight of the stunning alphamales. Furthermore, two knights named Valerianus turn up independently at the court of Artax's father, and eventually the two Valerians clash in a war over the kingdom. In every chapter at least two battles of increasingly epic dimensions are fought. In one of his last feats, Artax meets armies from Kurland, Hundingjaland, Bjarmaland and Einfættingjaland (the land of the one-footed) and fights forty-five thousand men and twelve berserks with a small but efficient army of only five thousand. Every detail of the encounter is described extensively, and finally the exhausted victorious Artax smeared in blood is seen slowly exiting the battle scene. A wedding attended by five hundred knights lasting for eighteen days follows soon after.

It can be argued that this intricate story contains elements of, perhaps unintentional, parody of the *riddarasaga* genre and has possibly been composed by a younger person fatigued by Roman history (viz. the two Valerians). This thesis, however, requires further investigation, which would be greatly facilitated by an edition of the text. In light of the above quotation, two options of how such an

edition should be formed come to mind. The less traditional solution aimed mainly at students of manuscript culture would be an interactive three-dimensional digital reconstruction of Þorsteinn Þorsteinsson's library consisting of circa seventy surviving manuscripts. For an additional museum effect, the collection could be placed in Þorsteinn's virtual clay-floor shed. Another solution aimed primarily at students of literature and culture would be a digital edition of post-reformation prose with links to a worldwide fictional person, place, object and motif database including maps and portrait illustrations. There certainly is no limit to the information one can add to a text in the digital medium, and one can only hope that an increasing number of philologists will take advantage of this window to the past.

UM HEILAGAN JÓN, VÉLINA OG DAUÐANN

LÍTIL AFTANMÁLSGREIN VIÐ „THE WORDS ON THE PAGE:

THOUGHTS ON PHILOLOGY, OLD AND NEW“

VIÐAR HREINSSON

Lengst af 20. öld ríktu tveir skólar í rannsóknum íslenskra miðalda-bókmennta. Báðir komnir að fótum fram, skóli Jóns Helgasonar í handritarannsóknum og íslenski skólinn svokallaði, einkum spröttinn af hugmyndum Björns Magnússonar Ólsen og Sigurðar Nordal. Höfuðdjásn þessara skóla eru *Íslensk fornrit* og útgáfur Árnastofnanna beggja.

Báðir skólarnir eru nokkuð séríslenskir. Skóli Jóns studdist lítt við kenningar en virðist hafa þróast með einhvers konar véfréttarkenndu fýluhnussi læriföðurins öðru hvoru sem túlkað var sem fyrirmæli um að fara yfir öll handrit sem máli skiptu og finna út allskonar, svo notað sé nýrra orðfæri en það sem heilagur Jón beitti. Íslenski skólinn hóf á stall ritsnilld manna sem þóttu vinna eins og skáldsagnahöfundar nútímans en þó var sannfræði sagnanna einatt sett á oddinn. Helstu einkenni íslenska skólans voru kostuleg rittengslafræði og ötul leit að nafni höfundar, kennitölu og heimkynnum. Fæstir sporgöngumanna Sigurðar Nordal áttuðu sig fyllilega á bókmenntasýn hans og unnu í anda þjóðlegra fræða án þess að þróa frekar hugmyndagrunn

íslenska skólans. Stundum hefur þessum tveim skólum slegið saman og afraksturinn orðið safn þjóðlegra fræða aukið með textafræði sem ofvöxtur hefur hlaupið í.

Á sviði bókmenntafræða hafa menn að mestu snúið kurteislega baki við íslenska skólanum og litlu púðri eytt í að gera upp við hann. Örnólfur Thorsson gerði ögrandi atlögu að honum fyrir tæpum aldarfjórðungi og gagnrýndi leitina að frumtextanum.¹ Um svipað leyti var í mótun ný stefna sem kölluð hefur verið efnisleg eða ný textafræði. Matthew Driscoll gerir ágæta grein fyrir þeim hræringum í greininni „The Words on the Page: Thoughts on Philology, Old and New“,² og fer kankvíslega yfir þá kenningasnaudu aðferð sem Jón Helgason mótaði eða lét þróast.

Megininntak nýju handritafræðanna er að ekkert handrit sé merki- legra eða „réttara“ en annað, hvert og eitt búi yfir eigingildi og sé verð- ugt viðfangsefni sem slíkt. Gildi handrits hafði fyrr verið talið felast í fyrirbæri sem lægi utan þess, tilteknu „verki“ sem væri misvel miðlað í handritinu. Út frá slíkri tilvísun út fyrir handritið var jafnan metið hversu gott eða trúverðugt það væri. Driscoll drepur á aðgreiningu milli verks, texta og grips.³ Gripurinn er sjálft handritið, textinn er hið ritaða efni á síðum þess, en svo versnar í því þegar að verkinu kemur, til dæmis sögu á borð við Grettlu eða Njálu. Á miðöldum var verkið naumast til í þeim skilningi sem við leggjum í hugtakið nú til dags, að það sé afurð höfundar, skapandi sjálfsveru eða einstak-

¹ Örnólfur Thorsson, „Leitin að landinu fagra,“ *Skáldskaparmál* 1 (1990): 28–53.

² Matthew Driscoll, „The Words on the Page: Thoughts on Philology, Old and New,“ í *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*, ed. Judy Quinn and Emily Lethbridge (Odense, 2010), 87–104.

³ Matthew Driscoll, „The Words on the Page,“ 93–95.

lings, afmarkað viðfang, snyrtilega frágengið. Þá var ekki um slíkan endanlegan frágang að ræða, heldur skapandi verðandi, því verkið var stöðugum breytingum undirorpið.

Þessi verðandi verksins er allsstaðar, í handritum, lesbrigðum, glötuðum og þekktum gerðum sagna. Efni flakkaði um og breyttist öldum saman, skipulega eða tilviljanakennt en getur verið þekktanlegt eftir þúsund ár þó órekjanlegt sé. Þegar til að mynda steinafræði Ísidórs frá Sevilla skýtur upp kollinum í *Tíðfordrifi* Jóns lærða þúsund árum eftir að *Alfræði* Ísidórs var rituð er þarflaust að reyna að rekja alla liði þar á milli. *Alfræðin* var helsti þekkingargrunnur miðalda. Þaðan kvíslaðist efni með óræðum og ófyrirsjáanlegum hætti um óteljandi rit sem flest eru glötuð. Efnisatriðin bútuðust niður, skruppu saman, stækkuðu, ummynduðust og samhengið breyttist stöðugt með tím-
anum.

Þessi skapandi verðandi veldur því að verki var aldrei lokið, hver texti var áfangi á leið að næstu uppskrift og ef miklar breytingar urðu á skipan efnis og inntaks varð til ný gerð verks eða nýtt verk. Stök efnisatriði gátu fengið nýtt og nýtt inntak ef ytra eða innra samhengi þeirra verka sem þau birtust í breyttist.

Væri textafræði Jóns Helgasonar það sem hún þykist vera mætti halda því fram að vísindaleg útgáfa væri „réttur“ texti, hin endanlega gerð verks, eins nærri frumgerð og komist væri. Svo verður þó seint, ekki einu sinni í bestu útgáfum, því á þeim öllum má finna annmarka. Reyndar bæla slíkar útgáfur hina skapandi verðandi niður og leitast við að steingera verkið á prenti. Til að mynda er það svo í einni strangvísindalegustu útgáfu sem um getur, *Guðmundar sögum biskups*, sem er ólokið æviverk Stefáns Karlssonar, að nánast er ógerningur að grafast fyrir um merkilegt atriði í einu handriti A-gerðar sögunnar, sem Jón Guðmundsson lærði ritaði ungur. Hann felldi inn

klausur úr *Guðmundarsögu* Arngríms Brandssonar.⁴ Með því varð til forvitnileg gerð *Guðmundar sögu*, sem er áhugaverð sem ávitull um hugarheim og átrúnað Jóns, og jafnvel aðstæður á siðaskiptatímanum. Til þess að grafast fyrir um þetta verður að kanna handritið sjálft því innskot Jóns koma ekki fram í útgáfu A-gerðarinnar, heldur eiga þau að vera í útgáfu D-gerðarinnar sem átti að vera í 4. bindi *Guðmundarsagna* en Stefáni entist ekki aldur til að ljúka. Kannski er þessi ófullgerða útgáfa Stefáns Karlssonar dæmi um ógöngur þessarar aðferðar sem kennd er við Jón Helgason. Ofurnákvæmni olli því að Stefán lauk aldrei verkinu. Það sem út kom er sama marki brennt og margar aðrar útgáfur af sama tagi, afar óaðgengilegt til að vinna með og hefðu margar kosið að Stefán hefði birt meira af djúpstæðri yfirburðaþekkingu sinni og jafnvel með öðrum hætti.

Hvers vegna eru „vísindalegar“ útgáfur svona takmarkaðar? Ástæðan er einföld. Gutenberg fann upp prentið árið 1439 segja sögubækur og með prentlistinni breyttust skynjun og skilningur manna. Prentbyltingin var hluti af róttækum umskiptum sem kölluð hafa verið vísindabylting, iðnbylting og tengdust upplýsingu og skynsemishyggu. Heimsmyndinni var snúið við og mekanísk hugsun tók við af organískri.⁵ Vélræn hugsun smitaði hugvísindin sem héldu að þau gætu líkt eftir raunvísindum. Breytingarnar fólu í sér hlutgervingu þekkingar og sundrun veruleikans í lífvana smábrot.

Samfara þessum breytingum kviknaði hugmyndin um hinn skapandi höfund. Með prentverki urðu bækur verslunarvara og höfundar

⁴ *Ævi Guðmundar biskups: Guðmundar saga A*, 1. bindi af *Guðmundar sögur biskups*, Stefán Karlsson bjó til prentunar (Kaupmannahöfn, 1983), liv–xcviii.

⁵ Carolyn Merchant, *The Death of Nature: Women, Ecology and the Scientific Revolution* (New York, 1980).

þurftu að gæta hagsmuna sinna. Höfundarréttur kom fram sem sambland viðskiptahagsmuna og hugmynda um tjáningarfrelsi sem þróaðist í rómantíska goðsögn um hinn skapandi höfund.⁶ Þegar kom fram á daga nútíma textafræði var hið prentaða höfundarverk farið að svífa mönnum fyrir hugskotsjónum, hugmyndin um hið frágengna, endanlega verk. Með þeirri hugmynd fjaraði verðandi miðaldaverksins út. Textinn sem vefnaður (textile) dó í textafræðinni og þunnri raunhyggju þjóðlegra fræða. Vélræn, smættandi hugsun vísindabyltingarinnar drap verkið í hlutgerðum texta, vel útlítandi og þaulunnum.

Útgáfur beggja Árnastofnana eru hlaðnar textafræðifróðleik og lesbrigðum svo örðugt er að átta sig á því verki sem á að búa að baki textanum. Einnig er grafist smásmugulega fyrir um heimildir, fyrirmyndir og rittengsl svo erfitt getur reynst að henda reiður á hugsun og hugmyndum skrifarans. Heimildaspörð eru tínd upp með raunvísindalegri nákvæmni sem finnur allt nema lífið í textanum. Nánast eina samhengið sem dregið er upp, fyrir utan einfaldan empírískan fróðleik, er þegar stemmur og ættartré eru teiknuð upp, einskonaar hugsanlegt samhengi dauðra gripa. Það getur þó varla verið traust, því glötuð handrit eru miklu fleiri en þau varðveittu. Handritafjöldinn er með sínum hætti til marks um menningarlegt hreyfiafl og fjölbreytni sem kallast á við líffræðilega fjölbreytni. Eins má líkja skapandi verðandi handritanna við lífræna starfsemi. Þegar textafræðin stefnir að vélrænum endanleika er það dauðamark í andstöðu við það

⁶ Egill Viðarsson, „Deilurnar um vísur Vatnsenda-Rósu: Höfundarréttur, þjóðlög og eignarhald á menningu“ (MA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands 2011), 21–35. <http://skemman.is/stream/get/1946/10153/25347/1/MA-ritger%C3%Bo-Egill.pdf>

lífræna samhengi handritanna sem aldrei verður fullkannað, frekar en töfrasteinninn bezóar, hagleiks- heilsu- og lukkuberið sem Jón lærði segir frá. Þar inni hafði guðdómurinn hulið sköpun og aðgreiningu allra hluta, „hvað enginn fullskoðað fær meðan menn byggja heim þennan“.⁷ Steinninn er tákmynd þeirrar fjölbreytni sem aldrei verður smættuð og fullkönnuð.

Lífræðileg og menningarleg fjölbreytni eru af sama meði. Handritin eru rísóm,⁸ lífrænn vöxtur sem æxlaðist eins og rótaþræðir í menningarjarðvegi fyrri alda og stundum loðir moldin enn við. Um alla jörð byggist lífið á jarðveginum, þaðan fá dýr og jurtir næringu sína því jarðvegurinn er að hluta til sköpun lífsins, sagði Rachel Carson í frægu brautryðjandaverki umhverfisbaráttunnar.⁹ Smættandi, vélræn hlutgerving sér ekki lífsmagnið. Hið vélræna er miðleitið, safnar öllu saman í miðlæga hugmynd þar sem allt er samhæft í eina heild. Lífræn virkni er aftur á móti útleitin, frumur vaxa út frá kjarna. Sama á við um tungumál og menningu, þar takast á vélræn, miðleitin samþjöppun og útleitinn vöxtur og sköpun.¹⁰ Í því ljósi er tímabært að endurskoða rannsóknaraðferðir, og endurvinnna allan þann fróðleik sem leynist í lestrarútgáfum Fornritafélagsins og vísindaútgáfum Árnastofnananna til að nota í breyttu samhengi og finna þannig

⁷ AM 727 4to, 9r.

⁸ Um rísóm og handritamenningu sjá Davíð Ólafsson, „Wordmongers: Post-Medieval Scribal Culture and the Case of Sighvatur Grímsson“ (Phd diss., St. Andrews University 2008), 194.

⁹ Rachel Carson, *Silent Spring* (Boston og New York, 2002 [1962]), 53.

¹⁰ Um hið miðleitna og útleitna sjá Jakob von Uexküll, *A Foray into the Worlds of Animals and Humans: With a Theory of Meaning* (Minneapolis og London, 2010 [1934/1940]), 156; og Mikhail Bakhtin, *The Dialogic Imagination* (Austin, 1981), 272–273.

lífskraft í menningarjarðveginum. *Handritaspjall* Jóns Helgasonar er fagurt helgirit um íslenska handritamenningu og Stefán Karlsson bjó yfir einstæðri þekkingu á þeirri sömu menningu. Óskandi hefði verið að þeir hefðu slakað ögn á leitinni að hinum „réttu“ texta og miðlað meiru af óendanlegri fjölbreytni og gróandi handritanna. Í kvæði sínu, „Til höfundar Hungurvöku“, segist Jón hafa greitt flækjur handritanna sem best hann gat, „mér fannst sem ættir þú arfinn þinn / undir trúnaði mínum“.¹¹ Hann hefði varla rofið þann trúnað með því að huga enn betur en hann gerði að jarðvegi og lífsmagni handritamenningarinnar. Bland handritanna er ekki síður kynlegt en bland ættanna.

¹¹ Jón Helgason, *Úr landsuðri: Nokkur kvæði* (Reykjavík, 1971), 79.

ÚTGÁFUSTEFNA JÓNS ÓLAFSSONAR ÚR GRUNNAVÍK

ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR

Veturinn 1754–1755 dvaldi Gísli Magnússon í Kaupmannahöfn en þangað hafði hann komið til að hljóta biskupsvígslu. Hann hefur þá væntanlega haft samneyti við landa sína og rætt við þá um landsins gagn og nauðsynjar. Heimildir eru a.m.k. til fyrir því að hann ræddi um útgáfumál við styrkþega Árnasafns, Jón Ólafsson úr Grunnavík, en segja má að afmælisbarnið sé sporgöngumaður hans í vissum skilningi. Jón starfaði lengstum ævi sinnar við Árnasafn og var einn merkasti fræðimaður Íslendinga á 18. öld. Hann samdi m.a. greinargerð um útgáfustefnu fyrir prentsmiðjuna á Hólum handa hinum tilvonandi biskupi en í tileinkun til biskups á undan ritgerðinni kemur fram að tilefni hennar eru samræður þeirra í Höfn:

Þetta bið eg einkanlega að þér svo virðið [...] svosem eg ætli mér ei að kenna yður nokkuð það er þér eigi vissuð fullvel áður. Eigi heldur að eg vilji minna yður á það er eg alltið veit að betur er vakandi í yðar huga, eður kássist fram í það er yðar embætti meir viðkemur en mér [...], heldur er þetta til ítrekunar og endurminningar sums þess er þér hafið virst við mig um að tala, og þar af sprettandi fleiri þanka. Beiði eg mér því þessu aðeins, já, herraleyfis, eður hreppstjóra samkvæðis, eður (ef heldur viljið) djáknanna réttar í kirkjunni með sitt

amen. Því þetta er (sem sagt er) gjört af anleedning okkarra discoursa til enn minnisfastari ihugunar; og undireins megið þér hér af sjá að eg hefi ei allsendis kastað orðum yðar undir fætur mér.¹

Yfirskrift ritgerðarinnar er á bl. 9r og hljóðar svo:

Stutt yfirferð um prentverk og bækur
 eður hverjar bækur helst væri nauðsynlegt
 að prenta (fyrir það fyrsta) á Íslandi,
 og undireins hverjar að eiga og hverjum að safna.
 Gjörð til þess að úr hérnefndum megi velja
 og öðrum jafngóðum eður betri megi við bæta
 – einasta til minnis og enn fremri ihugunar.

Ritgerðin er dagsett í apríl 1755 og hefur höfundurinn að öllum líkindum fært hinum tilvonandi Hólabiskupi hana í sumargjöf. Hann byrjar tileinkun sína á því að tala um þann íslenska sið að gefa sumargjafir:

Vitum vér að í fósturlandi voru, því fátæka Íslandi, hefir lengi siðvenja verið allmargra góðra manna að gefast á sumargjafir. Og er það ei að öllu lastandi, helst þá það er eigi einasta vel upptekið (qvoniam omnia in meliorem accipienda sunt partem et interpretanda), svosem Signa mutuæ benevolentiae et charitatis, qvæ Christianos decet; því hver á annan að stoða; og hvern á að brúka til þess sem nýtur er, og á ei að fara um það efni í mannvirðingar, því þó presturinn sé meiri háttar en skómakarinn, samt þarf hann skóa við hjá skómakaranum, og forbetrunar hjá skóflíkkaranum, svo hann geti gengið

¹AM 434 fol., bl. 2r. Beinar tilvitnanir úr riti Grunnvíkings eru hér með nútímastafsetningu lesendum til hægðarauka.

til kirkju sinnar, sem Langibus segir. Hver einn er góður civis, sem í societate humana leggur öðrum lið.²

Jón skiptir ritgerðinni í 5 kafla eftir bókmenntagreinum en 6. kafli er eins konar viðauki með ýmsum hagnýtum upplýsingum. Hann ræðir um helgar bækur, lög, sögur, veraldlegar bækur aðrar en lög og að lokum rímur, en leggur það til að byrjað verði á því að gefa út sögu prentsmiðjunnar og bókaskrá. Afmælisbarninu til upplýftingar (og ef til vill gagns) er hér uppskrifaður kafllinn um rímur:

V. Um rímur

Sökum þess eg hefi hér fyrir framan, sectione 1, minnst á sálma-
bækur (heilög kvæði og mórálísk) og sectione III talað um
sögur, þá vil <eg> með góðu leyfi, og þó fáam orðum, að-
eins lítið geta um rímur af heiðnum eður hálfheiðnum sög-
um; hvert það mundi Peccatum in bonos mores, að nokkrar
þeirra, þó fáeinar, útgengi á prent, er þó verður ei fyrir byggt
að margir hafa um hönd af almúganum, en þó oftast marrang-
ar. Vitað hefi eg lærða menn og siðgóða viljað leyfa slíkt, þó
svo að fáeinar af þeim bestu væru til valdar. Það kynni að vera
skáldum til fyrirgreiðslu að taka sér exempla af, eigi síður en
til skemmtunar raddmönnum. Og að þriðja kosti góðar eður
guðrækilegar málsgreinar, máltæki eður heilræði etc. þeim er
slíkt elska meir að hafa um hönd í ljóðmælum, og þykir það
annaðhvert svo minnisfastara, eður snillilegar, þá fram þarf að
bera, heldur en þeim þykir í prósa.

Þó ef rímur skyldi þrykkja, munda eg gjalda þeim samkvæði
er tilnefndi þær gömlu Rollantsrímur Þórðar Magnússonar

² AM 434 fol., bl. 1v.

á Strjúgi, þá þær fáist rétt skrifaðar, eins og eg hygg mínar nokkuð láta nærri lagi; og sýnist þó sem í þær vanti sumstaðar stöku erindi. Eg á og lítið stykki þeirra á pergament. Úlfars rímur sýslumanns Þorláks Guðbrandssonar þykja flestum listavel kveðnar, þó efnið sé hégómi. En það hann hefir sumstaðar myndað sig eftir poëtis Romanis með sínar allusiones, og aðrar figúrur, item í novacionem, í fyrstu rímunni: Ó! Þér guðir í Ása höll etc., sem Þórður Þorkelsson verteraði: O vos gorgones rectores montis ab alto etc. Þar um má hver ráða sinni meiningu þrætulaust af mér til.

Hér fyrir utan hæla ýmsir þeim mest sem þeir hafa oftast yfir haft, og þeim kunnigustu eru, svo sem Otuels rímum Guðmundar Bergþórssonar, Trójumannarímum Jóns í Berunesi.

Sumar hinna gömlu, svo sem af Brönu eður Andra, og því líkar, þykja sumum verðar þess að um hönd sé haft einstaka erindi úr þeim, sem góður skáldaandi þykir í blásið hafa. Læt eg svo um rímur úttalað að sinni.

Svo vel sem allt þetta raus enda taka segjandi með Virgilio því nógu margt mun þykja fleiprað.³

Ekki veit ég til þess að forsvarsmenn Árnasafns í Kaupmannahöfn eða Árnastofnunar í Reykjavík hafi tileinkað sér hugmyndir Grunnvíkings um útgáfumál, en kannski er kominn tími til að hann fái uppreisn æru hvað þau mál varðar og beini ég þeim tilmælum til afmælisbarnsins að hann athugi málið grandvarlega.

³ AM 434 fol., bl. 19r–v.

GAMLAR BÆKUR OG HANDRIT Í DALASÝSLU LAUST EFTIR MIÐJA 19. ÖLD

ÖRN HRAFNKELSSON

Þann 30. október árið 1865 sendi biskupinn yfir Íslandi, Helgi G. Thordersen, próföstum umburðarbréf og bað þá að leysa af hendi nokkur aukaverk til viðbótar við skylduverkin. Prófastar skyldu fara þess á leit við sóknarpresta að þeir í húsvitjunum á „... næstkomandi 3 árum uppteikni og sendi ... ítarlegt registur yfir allar íslenskar bækur og þær bækur, sem samdar eru af Íslendingum og finnast kynnu í sóknum hvers þeirra fyrir sig ...“¹ Upphafið má rekja til þess að Jón Árnason, bókavörður Stiftsbókasafns og einnig ritari biskups, hafði í nokkur ár unnið að skrá yfir gamlar íslenskar bækur² og nú leitaði hann eftir liðsinni biskups til að kanna hvað væri að finna af gömlum íslenskum bókum í sveitum landsins. Sóknarprestar skyldu á nokkrum árum heimsækja alla bæi og greina frá öllum varðveittum íslenskum bókum prentuðum fyrir 1816.

¹ ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Bps. C III. Bréfabók biskups 1863–1866, nr. 455, bls. 122–123.

² Í riti Jóns Jacobsonar, *Landsbókasafn Íslands 1818–1918 – minningarrit* (Reykjavík, 1818), segir ekkert af þessu framtaki Jóns Árnasonar nema að hann hafi tekið saman skrá yfir íslenskar bækur.

Bókavörðurinn Jón vissi að ekki voru allar íslenskar bækur til í Stiftsbókasafni eins og það hét þá. Í bréfinu, sem fylgdi boðskap biskups og hefur yfirskriftina „Blindur er bóklaus maður“ stendur: „... hin opinberu bókasöfn landsins eru svo aum og snauð, að þau eiga að líkindum ekki helmíng af þeim bókum, sem Íslendingar hafa samið ...“ og til að taka saman skrá yfir íslenska höfunda og rita bókmenntasögu, leitaði hann liðsinnis landa sinna eftir nánari upplýsingum um íslenska bókaútgáfu fyrri alda. Í bréfi Jóns er gefin nákvæm lýsing á því hvernig sóknarprestar skyldu leysa verk sitt af hendi og væri forvitnilegt að komast að því hver væri fyrirmynd bókavardarins að uppsetningu listans.³

Einhver áhrif hefur ákall biskups og bókavardar til prófaste haft. Í handritasafni Landsbókasafns eru varðveittar skrár úr öllum fjórðungum en mismunandi er hve mikið skilaði sér úr hverju prófastsdæmi. Úr sumum þeirra eru engin gögn og ekki er loku fyrir það skotið að eitthvað leynist enn í öðrum söfnum.⁴ Ekki er vitað til þess að nokkur annar en Jón Árnason, eða starfsmenn Landsbókasafns, hafi rýnt í listana er þeir unnu að stóru bókaskránni, því innan um skýrslurnar má finna sedla með rithönd Jóns þar sem rituð eru útgáfuár ýmissa bóka í sumum sóknum.⁵

Úr Dalasýslu eru varðveitt gögn frá þremur prestum: Jóni Eyjólfsyni, sem skrifaði upp bækur í Hvals- og Staðarhólssókn í mars 1868, nafna hans Jóni Guttormssyni, sem fór á milli bæja í Hjarðarholts-

³ Eintak af bréfi Jóns Árnasonar með leiðréttingum höfundar í skjölum Landsbókasafns. Afrit m.a. í Lbs 1389 8vo.

⁴ Sjá Lbs 611–614 4to.

⁵ Eldri skrif um bókaeign á Íslandi er t.d. grein Sólrúnar B. Jensdóttur, „Bókaeign Vestur-Húnavetninga 1800–1830,“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* 25 (1969): bls. 142–166.

sókn í febrúar og desember 1869, og prófastinum Guðmundi Einarsyni, sem kannaði bókaeign á nokkrum bæjum í Kvennabrekkusókn í febrúar 1868 – en miðað við hve margir bæir eru í þeirri sókn má telja líklegt að ekki hafi öll gögn skilað sér eða týnst. Ef dregnar eru saman í fljótu bragði upplýsingar úr rannsókn prestanna í Dalasýslu kemur í ljós að á fimmtíu bæjum í sveitinni voru 167 titlar af „íslenskum“ bókum útgefnum fyrir 1816 og eintökin eru 494.⁶

Sérstakt við skrár prestanna í Dalasýslu, sem á ekki við allar skrárnar í safninu, er að þeir rituðu nöfn og stöðu þeirra sem áttu fornar íslenskar bækur. Má taka sem dæmi bæinn Þverfell í Staðarhólssókn í Saurbæjarhreppi sem sr. Jón Eyjólfsson heimsótti 6. mars 1868. Þar áttu fjórir heimilismenn samtals 22 eintök af ýmsum bókum. Í fórum bóndans Sæmundar Magnússonar voru átta guðsorðabækur. Sama er að segja um vinnukonuna Ingibjörgu Grímsdóttur sem átti þrjár. Þótt flest allir almúgamenn hafi aðeins átt guðsorðabækur er undantekningu að finna hjá Bjarna Geirssyni húsmanni og hjá ekkjunnni Guðríði Oddsdóttur. Bjarni átti eintak af *Njáls sögu* útgefna í Kaupmannahöfn 1772 og Guðríður átti eintak af *Egils sögu* útgefna í Hrappsey 1782. Aðrar bækur á Þverfelli voru t.d. Húspostilla Jóns Vídalíns og önnur bók eftir hann sem var til á allmörgum bæjum: *Sjö predikanir út af þíningarhistoríu vors drottins Jesú Kristi* – einnig nefnd Miðvikudagapredikanir – sem kom út í sjö útgáfum, fyrst 1722 og síðast 1832. Þar voru einnig tvær útgáfur af Biblíunni, 1747 og 1813, þrjár útgáfur af sálmaþók, fjórar af Nýja testamentinu, tvær af Grallaranum og ýmis önnur rit. Segja má að bókaeign á Þverfelli hafi verið dæmigerð fyrir alla bæi í sókninni. Þar var að finna helstu guðsorðabækurnar – Biblíuna, Nýja testamentið, sálmaþækur og útlekking-

⁶ Lbs 614 II–IV 4to.

ar vísa manna – en lítið um veraldlegt prent eins og lögbækur eða handbækur betri bænda.⁷

Í sömu sókn á Innri-Fagradal bjó á þessum tíma fræðimaðurinn og skrifarinn Magnús Jónsson er síðar bjó á Tjaldanesi. Tvær fornar bækur voru skráðar í hans eigu þegar presturinn sótti bæinn heim 5. apríl 1868 og að sjálfsgöðu eru þetta guðsorðabækur. Fyrst er bók eftir Hallgrím Pétursson, *DIARIUM CHRISTIANUM eður dagleg iðkun af öllum drottins dagsverkum með samburði Guðs tíu boðorða við sköpunarverkið og minningu nafnsins Jesú*, frá 1747 og þá *Nokkur ljóðmáli* eftir Þorlák Þórarinsson frá 1780, og báðar prentaðar á Hólum. Einu fornu bækurnar sem eru skráðar í Tjaldanesi, þar sem Magnús átti síðar eftir að búa, voru í eigu bóndans Guðmundar Jónssonar. Þetta eru fjórar guðsorðabækur; tvær útgáfur af Miðvikudagapredikunum Vídalíns, eitt eintak af Passíusálmum Hallgríms og eintak af Sönnum kristindómi eftir Johann Arndt.⁸

Þótt upphaflegt verk prestanna samkvæmt boðsbréfinu hafi verið að skrá gamlar bækur, þá greindu þeir einnig frá því ef handrit fundust á bæjunum. Í skrá sr. Jón Guttormssonar yfir bækur í Hjarðarholtssókn er greint frá tveimur handritum á sitt hvorum bænum. Fyrra handritið var í stóru safni Guðbrands Guðbrandssonar á Leiðólfsstöðum og er því lýst með eftirfarandi hætti, og hér fylgir presturinn fyrirmælum Jóns Árnasonar um hvernig skuli greint frá línu-skiptingum á titilblaði:

⁷ Lbs 614 II 4to, bl. 28r–29r.

⁸ Lbs 614 II 4to, bl. 30v–31r. – ÞÍ. Kirknasafn. Staðarhóllsókn BC/1. Sálregistreitur Staðarhóls og Hvols í Saurbæ 1837–1868. – ÞÍ. Kirknasafn. Staðarhóllsókn BC/2. Sálregistreitur Saurbæjarþinga 1869–1884.

Andlegar | umþenkingar | af | vors frelsara | Jesú Kristi pínu og dauða | ásamt | hans sjö orðum, sem | hann talaði á krossinum | Úr dönsku útlagðar af sál. sr. Sigurði | Þórðarsyni, presti að Brjáns-|læk – og | eftir hans eiginhandarriti uppskrifaðar a. 1803 | fyrir þann | sem velferð rækir sálar sinnar af B. H. S. ...⁹

Eftir nokkra leit kom í ljós að hér er um að ræða vel með farið og fallega ritað handrit með lýstum upphafsstöfum sem nú er varðveitt í Landsbókasafni og hefur fengið safnmarkið Lbs 1004 4to. Kennsl hafa ekki verið borin á skrifarann en hann merkir sér handritið með upphafsstöfunum „B.H.S.“ Um er að ræða, eins og stendur á titilblaði, uppskrift frá 1803 gerða eftir eiginhandarriti á þýðingu sr. Sigurðar Þórðarsonar á danskri guðsorðabók. Ekki kemur fram hver er höfundur frumtextans en í *Íslenzkum æviskrám* segir að Sigurður hafi þýtt ýmislegt eftir Peter Hersleb Sjálandsbiskup og má vera að svo sé.¹⁰

Á bænnum Fjósum í sömu sókn þar sem Jóhannes Jónsson bjó var einnig varðveitt handrit og er því lýst með eftirfarandi hætti:

Skýr og ljós útlekking historíunnar pí|nunnar og dauðans Drottins | vors Jesú Kristí í átta | póstum yfirfarinn. Guði ei|lífum til lofs og dýrðar. | En þeim sem iðka vilja til | sálargagns og nytsemdar. – Actor. 10. Af þessum (Kristo) bera allar spámenn vitni að fyrir hans nafni skulu allir þeir sem á hann trúa meðtaka syndanna fyrirgefning. – Anno MDCXCIII. ...¹¹

⁹ Lbs 613 III 4to, bl. 16r–v. – Stafsetning færð til nútímahorfs.

¹⁰ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 4. bindi (Reykjavík, 1951), bls. 275. – Sigurður var fæddur um 1688 og dáinn 1767. – Páll Eggert Ólason, *Skrá yfir handritasöfn Landsbókasafns*, 1. bindi (Reykjavík, 1918–1925), bls. 417.

¹¹ Lbs 613 III 4to, bl. 17v–18r.

Þetta handrit hefur ekki fundist í safni Landsbókasafns og kann að vera sú skýring á að eigandinn Jóhannes fór til Vesturheims og tók jafnvel handritið með sér.¹²

Skrár prestanna í Dalasýslu og öðrum sýslum eru áhugaverðar heimildir er greina frá bókaeign landsmanna laust eftir miðja 19. öld. Þótt upphafleg ætlun Jóns Árnasonar hafi verið að safna upplýsingum í íslenska bókaskrá og rithöfundatal, sem var gott og gilt verk, og að þær luku hlutverki sínu um leið og hann hafði fengið vitneskju um nýjan bókatitil. Nú öðlast þessar heimildir nýtt líf í dag. Komnar eru fram heimildir sem jafnvel varpa ljósi á lestrarvenjur, hvaða höfundar voru vinsælli en aðrir, var t.d. einhver munur á bókaeign eftir stöðu og stétt manna, var meira um veraldlegt prent í einhverjum landshlutum frekar en öðrum, var munur á bókaeign milli sókna, skipti dýrleiki jarða og staðsetning þeirra einhverju máli. Það sem er spennandi að með nútímatækni er hægt að tengja saman upplýsingar um bókaeign á hverjum bæ við bókaskrá og sjá með myndrænum hætti á landabréfi hvaða bækur voru til hvar og þar með verður bókaeign Íslendinga fyrr

¹² Jón Guðnason, *Dalameinn: Æviskrár 1703–1961*, 1. bindi (Reykjavík, 1961), bls. 455–456. — Æviágrip þeirra sem eru nefndir hér að ofan má lesa í fyrrgreindu riti. — Jón Eyjólfsson (1814–1869), 2. bindi, bls. 474, en honum er svona lýst: „burðamikill, nokkuð drykkfelldur, en stilltur vel, jafnan fátækur“. Jón Guttormsson (1830–1901), 1. bindi, bls. 444. Guðmundur Einarsson (1816–1882), 1. bindi, bls. 231, en honum er svona lýst: „mikill búhöldur, gáfumaður, skáldmæltur, ljúfmenni“. Sæmundur Magnússon (1831–1885), 2. bindi, bls. 413. Ingibjörg Grímsdóttir (–1911), 2. bindi, bls. 414. Bjarni Geirsson (1832–1918), 2. bindi, bls. 413. Guðríður Oddsdóttir (–1889), 2. bindi, bls. 388, en henni er svona lýst: „hún var talin vel hagamælt“. Magnús Jónsson (1835–1922), 2. bindi, bls. 375, en honum er svona lýst: „fræðimaður; afritaði fjölda handrita“. Guðmundur Jónsson (1811–), 2. bindi, bls. 374–375. Guðbrandur Guðbrandsson (1839–1890), 1. bindi, bls. 391. Jóhannes Jónsson (1845–1898), 1. bindi, bls. 455–456.

á öldum kortlögð, og það sem er meira um vert: möguleiki opnast til að setja hlutina í víðara samhengi – t.d. verður hægt að tengja bókaeign við handritaeign, þjóðsögur, fornminjar, sögulegar hagtölur og manntöl.

